

Gestur Guðmundsson

Breytt umskipti til fullorðinsaldurs

Áfangaskýrsla október 2002

Efnisyfirlit

I. Kynning og samantekt	2
I.1. Rannsóknarsnið	2
I.2. Niðurstöður	2
II. Helstu breytingar á ungdómsskeiðinu	
Fræðileg umræða, Ísland samanborið við nágrannalönd	5
II.1. Helstu hugtök og bakgrunnur þeirra	5
II.2. Breytt umskipti á Íslandi	6
II.2.1. 1900-1940. Bændasynir verða verkamenn. Litlar milli- og starfsmenntastéttir hasla sér völl.	7
II.2.2. 1940-65. Sveitir tæmast. Milli- og starfsstéttir eflast.	8
II.2.3. 1965-2000: Hinn breiði vegur menntaskólans	9
II.2.4. Sýnd: allt opið. Reynd: skilvindan vinnur með nýjum hætti	10
II.3. Alþjóðleg umræða	11
III. Breyttur ungdómur á Íslandi. Nokkrir meginþættir.	15
III.1. Menntunarsókn	15
III.2. Fjölskyldustofnun	17
III.3. Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi	19
III.4. Þátttaka í félagslífi og menningarsköpun	23
III.5. Ungdómspólitík	25
IV. Á brattann að sækja. Nokkur sjónarhorn á "brottfallshóp".	27
IV.1. Próflokk og brottfall – þróun síðustu áratuga	27
IV.2. Brottfall á Íslandi í alþjóðlegum samanburði	30
IV.3. Er brottfall vandamál?	32
IV.4. Hitt húsið og Lýðskólinn	34
IV.5. Lífssögur	39
V. Umræða	42
Heimildir	45

I. Kynning og samantekt

Síðan 1999 hefur undirritaður unnið að rannsóknarverkefninu "Breytt umskipti til fullorðinsaldurs" með styrkjum frá Vísindasjóði Rannsóknarráðs og Reykjavíkurborg. Hér fylgir áfangaskýrsla, sem einkum er beint til Reykjavíkurborgar og annarra stefnumótandi aðila, en einnig hafa verið birtar nokkrar greinar sem tengjast verkefninu, og unnið er að ítarlegri rannsóknarskýrslu og fleiri greinum.

Í þessari skýrslu er áherslan lögð á hina hagnýtu hlið rannsóknarinnar, sem nýst getur við opinbera stefnumótun.

I.1 Rannsóknarsnið

Verkefnið hefur það almenna markmið að varpa ljósi á helstu breytingar sem ungdómsskeiðið á Íslandi hefur tekið í lok 20. aldar. Verkefnið hefur jafnframt það þrengra markmið að skoða nánar vanda þess stóra hóps sem fer út á vinnumarkað án formlegra námsloka í framhaldsskóla. Bæði hvað varðar hið almenna markmið og hið þrengra er ætlunin að nýta erlendar rannsóknir til samanburðar og að leggja fram framlag til alþjóðlegra rannsókna, en jafnframt að draga fram hagnýtar ályktanir, bæði fyrir almenna ungdómspólitík og sérstakar aðgerðir fyrir "brottfallshópin". Til að ná þessum markmiðum eru eftirfarandi gögn til skoðunar:

1. Ýmis gögn um sögu íslensks ungdóms á 20. öld, einkum hagskýrslur, tiltækar athuganir á þróun skólakerfis og sögu félagasamtaka, sem og vitnisburðir ævisagna. Hið sögulega yfirlit er dæmt til að vera ágripskennt og þjónar því markmiði að skerpa sýn á samtíma veruleika.
2. Fyrirliggjandi töluleg gögn og rannsóknir annarra á ýmsum þáttum ungdómsslífs í lok 20. aldar. Stefnt er að því að þessi yfirferð nái til allra mikilvægustu tiltækra gagna.
3. Sérstök áhersla á "brottfallshópin". Bæði fyrirliggjandi gögn og rannsóknir, sem og eigin athugun á hópum og einstaklingum sem verið hafa í Hinu Húsinu og Lýðskólanum.
4. Erlendar æskulýðsrannsóknir, bæði fræðileg framþróun og empírískar og sögulegar rannsóknir, sem koma að notum við samanburð.

Unnið hefur verið að öllum þessum rannsóknarþáttum samtímis.

I.2. Niðurstöður

Fræðilegar niðurstöður verða birtar í rannsóknaskýrslu og greinum, en hér verða tilgreindar helstu niðurstöður, hvað varðar stefnumótun í málefnum æskuskeiðsins, sem rannsóknin gefur tilefni til. Nánari rökstuðningur kemur fram í síðari köflum skýrslunnar.

Farvegur og umfang ungdómspólitíkur

Grundvallaratriði er að mótuð verði heildstæð ungdómspólitík opinberra aðila og sköpuð tæki til að fylgja henni eftir, til dæmis þannig að einu ráðuneyti verði falin yfirumsjón ríkisafskipta af hinum mismunandi sviðum æskulýðsmála.

Brýn verkefni ungdómspólitúkur

- Það er almenn niðurstaða rannsóknarinnar að slík gerbreyting hafi orðið á vegferð ungmenna frá skóla og út í atvinnulíf, að það kalli á heildræna skoðun á menntastefnu, atvinnustefnu, menningarstefnu, stefnu í æskulýðsstarfi og fleiri skyldum þáttum. Stjórnvaldsaðgerðir í málefnum ungdóms skiptast nú á milli ólíkra sviða, takmarkað samband er nú á milli þeirra og ekki nægjanlegur gaumur gefinn að samhengi og þeim almennu breytingum sem hafa orðið á ungdómsskeiðinu.
- Annað meginatriði eru sterkar vísbendingar um breytta stéttaskiptingu, sem ekki síst birtist í því að sá þriðjungur hvers árgangs, sem engu framhaldsskólanámi lýkur, er í verulegri hættu að verða að jaðarhóp og stór hluti þessa þriðjungs verður slíkur jaðarhópur.
- Meðal sértækari verkefna, sem þarf að leysa til að móta skýrari ungdómsstefnu á Íslandi er að skoða atvinnuþátttöku ungdóms og meta hana frá ýmsum sjónarhornum.
- Einnig þarf mun öflugri rannsóknir á ungdómsmenningu og samspili hennar við félagslega þætti og atferli.
- Átaks er þörf til að ungum innflytjendum og börnum innflytjenda sé betur sinnt í aðgerðum og rannsóknum.
- Áherslu þarf að leggja á heildstæðar ungdómsrannsóknir, þar sem nám, atvinna, frístundir, ungdómsmenning og aðrir þættir ungdómslífsins eru skoðaðir í samhengi.
- Með tilliti til breyttrar stöðu ungdóms á Íslandi og til stöðu alþjóðlegra rannsókna á sviðinu, þurfa íslenskar ungdómsrannsóknir að leggja áherslu á margþættar aðferðir til að skoða samspil valfrelsis og félagslegra ákvörðunarþátta. Námsval, starfsval, fjölskyldumyndun og félagsleg útilokun/frávik eru meðal lykilþátta, þar sem skoða þarf þetta samspil.
- Rannsóknin bendir einkum til nauðsynjar þess að móta fleiri aðgerðir sem hamla gegn "brottfalli", en veiti þeim stóra hópi sem þar um ræðir ný tækifæri til þroska og menntunar.
- Almennt er þar um að ræða að framhaldsskóli og samfélagið viðurkenni í reynd fjölþættari þroskaleiðir en nú gerist.
- Mikilvægt er að gefa þeim sem "stoppa" í framhaldsskóla tækifæri til að stíga út fyrir hann og fást við annað, listsköpun, atvinnuþátttöku og fleira, ásamt því að vinna úr því til sjálfsstyrkingar. Líkt og gerðist í starfsnámi HH og Lýðskólanum, en bæði þessi úrræði eru horfin af vettvangi þrátt fyrir að hafa sinnt veigamiklu hlutverki, sem ekki var sinnt af öðrum.
- Stórbæta þarf möguleika þeirra sem hafa gert hlé á skólagöngu til að taka upp þráðinn að nýju.
- Ástæða er til að vinna að aukinni útbreiðslu starfsnáms, þar sem þungamiðjan er starfsþjálfun á vinnustað en námskeið til stuðnings. Sú þróun síðustu áratuga að krefjast þess að fyrst ljúki fólk bóklegu námi hefur gert skólaþreyttu fólki nánast ókleift að hefja starfsþjálfur- og menntaferli.

- Mikilvægt er að tengja kynslóðirnar saman víða í samfélaginu. Þannig ber að skipuleggja starfsþjálfun með þeim hætti að ungdómur komist í snertingu við eldra fólk í atvinnulífi.
- Nauðsyn er á að efla umræðu milli skólafólks, foreldra og rannsakennda, hvað það þýðir að efri bekkir grunnskóla og framhaldsskóli gegni uppeldishlutverki.
- Ástæða er til þess að ætla að hægt sé að ná auknum árangri með samvirkni mismunandi aðgerða (synergism). Dæmi um slíka nálgun væri að setja ungdómshús, menningarhús og nýsköpunarsetur undir sama þak og sömu yfirstjórn, bæði í stærri byggðarlögum og helstu hverfum höfuðborgarinnar. Aðgerðir gegn atvinnuleysi, sérstök námsúræði með lýðskólasniði, miðstöð starfsþjálfunar og annað stuðningsstarf við brottfallshóp gæti þar átt sér stað í nánnum tengslum við nýsköpunarstarf í atvinnulífi og tækni, sem og við menningarstarf.
- Vinnumarkaðsstefna þarf að ganga mun lengra en nú gerist. Ein þungamiðja hennar þarf að felast í að veita fólki, sem hefur verið um árabíl á vinnumarkaði, rétt til náms í tiltekinn tíma. Menn njóti á meðan námsstyrks sem nemur lágmarkslaunum eða atvinnuleysisbótum. Slíkt fyrirkomulag gæti gefið hluta brottfallshóps "annað tækifæri" auk þess að sinna öðrum þörfum, ekki síst þörfum samfélags fyrir endurmenntun og þörfum þeirra sem slitnir eru af einhæfum störfum, til dæmis í fiskvinnslu.

Lykilatriðin til þess að bæta innkomuna á vinnumarkað fyrir þann þriðjung hvers árgangs, sem nú lýkur ekki framhaldskóla, eru annars vegar ný áhersla á víxlverkun starfsþjálfunar og náms og hins vegar aukin tækifæri til að fara óhefðbundnar þroskaleiðir og takast á við hinn margháttada vanda ungdómsskeiðsins, án þess að það komi niður á möguleikum til að komast inn í skólakerfi og atvinnulíf.

II. Helstu breytingar á ungdómsskeiðinu Fræðileg umræða, Ísland samanborið við nágrannalönd

II.1. Helstu hugtök og bakgrunnur þeirra

Hugtakið æska eða *ungdómur* (enska: youth; þýska: Jugend; skandinavíska: ungdom) hefur á síðustu áratugum unnið sér vaxandi sess sem heiti yfir það æviskeið sem er á milli bernsku og fullorðinsaldurs. Þetta hugtak er fyrst og fremst félagslegt að inntaki, enda byggir það á þeirri forsendu að lengd og eðli þessa skeiðs er og hefur verið mjög breytilegt eftir samfélögum og samfélagshópum. Í almennu tali er oftast talað um unglunga og ungt fólk, en ungdómur er þó ekki fast afmarkað æviskeið, heldur annars vegar ferlar sem byrja meðal barna og lýkur kannski aldrei á meðal einstaklingurinn lifir, og jafnframt samfélagslegt fyrirbæri sem er víðtækara en samsafn einstaklinga.

Skýrsluhöfundur hefur hingað til notað orðið æska yfir þetta hugtak, en mun nú nota orðið *ungdómur*. Það er gamalt orð sem hefur þann kost að vera laust við villandi merkingartengsl úr daglegu samtímamáli.

Ungdómshugtakið hefur at verulegu leyti ýtt öðrum hugtökum, svo sem "adolescence" hugtakinu verulega til hliðar, á þeirri forsendu að slík hugtök miðist um of við líkamlegan og sálrænan þroska unglunga fremur en breyttar félagslegar kröfur og skilgreiningar. Einnig hafa eldri hugtök um of skoðað ungdómsskeiðið einungis sem leið til þess að verða fullorðinn en síður litið til þess sem æviskeiðs sem hefur eigin forsendur og eigin viðmiðanir. Menn sýna ungdómsskeiðinu takmarkaðan skilning ef þeir horfa einungis á það í ljósi þess hvernig það skilar einstaklingunum til fullorðinsaldurs.

Lengd ungdómsskeiðsins hefur verið mjög mismunandi. Í landbúnaðarsamfélögum hefur ungt fólk oft beðið lengi eftir að verða fullgildir þátttakendur í samfélaginu, við upphaf iðnbyltingar gat fólk ráðið sig í vinnu og öðlast töluvert sjálfsforræði meðan það var enn á unglingsaldri. Á 18. og 19. öld voru stúdentar og iðnnemar í Vestur-Evrópu fyrirboðar þess sem átti eftir að koma; þeir nutu meira andlegs frelsis en flestir aðrir þjóðfélagsþegnar um leið og þeir voru að undirbúa sig undir fullgilda þátttöku. Á 20. öld náði ungdómsskeiðið til æ fleiri þjóðfélagsþéttara og lengdist; sjálfræði stórra barna og unglunga jókst og almennt varð fólk eldra þegar það tók fulla ábyrgð í samfélaginu sem fyrirvinnur. Æskuskeiðið greindi sig á tímabili skýrt frá öðrum skeiðum; hagir og lífshættir unglunga voru mjög frábrugðnir börnum, og æskuskeiðið hverfðist að verulegu leyti um sjálft sig og var að minnsta kosti ekki á skýran hátt undirbúningur undir fullorðinslíf. Undir lok aldarinnar hafa mörk æskuskeiðsins hins vegar orðið óskýrari. Börn hafa tekið upp hluta af lífsháttum unglunga, og lífshættir sumra fullorðinna líkjast lífsháttum æskunnar.

Þótt ungdómsrannsóknir hafi lagt áherslu á að skoða ungdómsskeiðið sem sitthvað fleira en undirbúningur undir fullorðinsaldur, er þó skeiðið ávallt skoðað öðrum þræði sem vegferð ungs fólks frá bernskuskeiði til fullorðinsaldurs. Á síðasta áratug 20. aldar varð hugtakið *umskipti* (enska: transition) lykilhugtak í æskulýðsrannsóknum og áherslan var lögð á að skoða í hvaða skilningi "umskiptin" eða vegferðin frá bernsku til fullorðinsaldurs hefur breyst. Oft er reynt að greina mismunandi *brautir* (enska: trajectories) sem hverri kynslóð stendur til boða. Í hefðbundnum menntunar-, atvinnu- og félagsrannsóknum beindist athyglin að umskiptum frá skóla til atvinnulífs, en með

sjónarhorni æskulýðsrannsóknna lærðist mönnum að skoða þau umskipti sem hluta víðtækara fyrirbrigðis. Ungt fólk fer ekki bara úr skóla út í atvinnulíf, heldur líka úr uppeldisfjölskyldu inn í eigin fjölskyldu, það öðlast réttindi og skyldur, og félagsleg tengsl, net og menning taka gjarnan eðlisbreytingum.

Áherslan á réttindi og skyldur hefur sett hugtakið *þegnréttur* (enska: citizenship) í sviðsljósið. Í þrengri merkingu er þar spurt um formleg réttindi og ábyrgð, til dæmis kosningarétt, sjálfsákvörðunarétt, takmarkanir á vinnu barna og unglinga, herskyldu og ríkisborgararétt. Spurt er um jafnvægi réttar og ábyrgðar og hvenær taka eigi einstök skref. Slíkum spurningum verður vart svarað án þess að taka tillit til þegnréttar í víðari skilningi, þ.e. hvaða réttindi og skyldur ungdómur hefur í daglegu lífi, félagslífi og samfélagsþátttöku. Fyrir fáum áratugum var til dæmis spurt hvenær og hve mikið ungt fólk 'borgaði heim' og hvort það veitti því einhver réttindi. Í dag er frekar spurt hvenær börn fara að taka sjálfstæðar ákvarðanir um neyslu sína. Til skamms tíma var oft sagt að börn skyldu þegja nema þegar á þau er yrt, en nú er jafnvel spurt hvort og hvenær rétt sé að setja hömlur á jafnræði þeirra við foreldra og kennara í rökræðum og ákvörðunum. Eitt er formlegt fjárræði en hvenær verður ungt fólk í dag í reynd fjárhagslega sjálfstætt? Er um fjölskyldustofnun að ræða þegar ungt fólk hefur búskap á heimili foreldra? Þannig má lengi spyrja.

Menn beita gjarnan hugtakinu *ungdómsmenning* (youth culture, ungdomskultur) til að átta sig á þeim eðlisbreytingum sem félagsleg tengsl taka á ungdómsskeiðinu og setja þau í samhengi við merkingarframleiðslu samfélagsins í heild. Upphaflega er hugtakið bandarískt, mótað af Talcott Parsons, A.B. Hollingshead og James Coleman. Þau beindu sjónum að *jafningjahópum* (peer groups, kammeratskabsgrupper) sem miðla á milli áhrifa upprunafjölskyldu og samfélagsins í kring og öðlast sérstakt mikilvægi á breytingartímum. Breskir rannsakendur (Musgrove, Downs, Cohen, Willis, McRobbie) bættu því við að ungdómsmenning dregur stórlega dóm af stéttarstöðu og kynhlutverkum og leiddu líkur að því að ungdómsmenningin fóstrar samfélagslega nýsköpun. Síðan á 9. áratugnum hefur ungdómsmenning einkum verið skoðuð sem hluti af menningarframleiðslu samfélaga, í tengslum við almenna menningarsköpun, einkum í fjöldamenningu. Um þessar mundir er hins vegar með margvíslegum nýjum hætti lögð áhersla á að skoða ungdómsmenningu í ljósi félagslegrar þróunar og sem vettvang hennar.

Gildi ungdómsrannsóknna felst ekki síst í því að meðal ungdómsins krystallast ýmis almenn þróunareinkenni samfélagsins, og ungdómsrannsóknir hafa orðið einn helsti vettvangur til að skoða helstu samtímakeiningar um þróun samhengis milli einstaklinga og samfélags (Habermas, Beck, Giddens, Bourdieu og Baumann). Breytingar á stéttaskiptingu, kyngervi, samskiptum ólíkra þjóðernishópa og viðhorfum til hnattvæðingar má oft greina fyrst á meðal ungs fólks. Einn af hverfipunktum þeirrar umræðu hefur verið spurningin um það hvort greina megir meðal ungs fólks fráhrarf frá félagslegum viðhorfum til aukinnar einstaklingshyggju.

II.2. Breytt umskipti á Íslandi

Óvíða hefur þróun til nútímahorfs orðið örari en á Íslandi. Á meðan iðnvæðing gerbreytti Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku á 19. öld, voru þjóðfélagsbreytingar afar hægar á

Íslandi, en með þéttbýlismyndun og sjávarútvegsbyltingu um aldamótin 1900 hófst byltingarkennd þjóðfélagsþróun á Íslandi. Við upphaf 21. aldar greinir Ísland sig ekki verulega frá öðrum háþrúðustu samfélögum heims; kannski felst helsta sérstaða Íslendinga nú í því að örar breytingar eru samgrónari þáttur af veruhætti (habitus) okkar en flestra annarra þjóða. Sé augum beint að æskuskeiðinu, blasir við, að breytingarnar hafa verið svo örar að alla 20. öldina hafa nýjar kynslóðir ekki getað farið í fótspor foreldra sinna nema að takmörkuðu leyti.

Í bændasamfélaginu sem var allsráðandi fram að lokum 19. aldar einkenndist æskuskeiðið af ósjálfstæði. Fullan þegnurétt höfðu nær eingöngu bændur, og samfélagskerfið gerði ráð fyrir að aðeins eitt barnanna gat fetað í fótspor foreldranna og stofnað sjálfstætt bú og fjölskyldu. Í góðæri gátu fleiri stofnað bú sem bændur eða þurrabúðarmenn, en stór hluti hvernar kynslóðar var jafnan dæmdur til ævilangrar vinnumennsku og einlífis. Góðæri nokkurra áratuga, vaxandi útflutningur sjávarafurða og áhrif nývæðingar í Evrópu ýttu fram eftir 19. öld á um breytingar, einkum í því formi að eignalaust fólk fékk betri möguleika á að búa í þurrabúð. Sú breyting varð undanfari þess sem síðar varð.

Í kjölfar harðæris og byrjandi Ameríkuferða um 1880 urðu miklar breytingar á búsetu, og sjávarútvegur og þéttbýlismyndun óxu verulega. Stétt verkafólks verður til. Ungt eignalaust fólk gat nú sneitt hjá vinnumennsku og gerst eigin herrar sem launþegar við sjávarsíðuna. Um aldamótin 1900 var algengasti giftingaraldur í grónum landbúnaðarhéröðum 30-40 ára, en í nýjum byggðarlögum við sjávarsíðuna var hann 18-25 ára. Þessar tölur eru vísbending um byltingu á högum ungdoms.

II.2.1. 1900-1940. Bændasynir verða verkamenn. Litlar milli- og starfsmenntastéttir hasla sér völl.

Um aldamótin 1900 bjó meirihluti Íslendinga enn í dreifbýli, en um 1940 var þetta hlutfall komið niður fyrir þriðjung. Ungt fólk leiddi brottflutning úr sveitum, en jafnframt var mikið um það að ungt sveitafólk dveldi tímabundið á mölinni og margt ungt fólk úr þéttbýli vann tímabundið í sveitum, þannig að margvísleg áhrif bárust á milli þessara ólíku lífshátta.

- Ungdomsskeiðið í sveitum var nú með öðrum hætti en á 19.öld. Það hugarfar tók völdin í sveitum að öll sveitaæskan skyldi eiga þess kost að eignast eigið býli, og sú hugsjón varð að verulegu leyti að veruleika. Sú þjóðernislega vakning sem varð í landinu á þessum tíma átti sitt helsta óðal meðal sveitaæskunnar og kom m.a. fram í starfi ungmennafélaga. Þar var rækt lögð við félagslega þátttöku sveitaæskunnar, íþróttir voru stundaðar til að efla líkama og sál, piltar voru hvattir til að stunda bændanám og stúlkur til að stunda húsmæðranám.
- Hliðstæða þessarar vakningar gerðist nokkru seinna í kaupstöðum á meðal þeirrar æsku sem stundaði starfsnám við verslun, iðnir, kennslu og fleira, og hún náði einnig til margra utan menntastofnana. Vettvangar þessa vakningarkennda uppeldisstarfs voru einkum ungmennafélög, kristileg félög og verkalýðsfélög.
- Allan tímann var menntaskóli og háskóli rammi utan um vegferð lítils minni hluta og hlutfall hans óx hægt.

- Stærsti hópur ungmenna hvarf inn í verkamannastörf, en með mismunandi veganesti, sem ekki síst stafaði af mismunandi uppeldi og ungdómslífi í sveitum og á mölinni.

Stéttaskipting og kynhlutverk voru færð inn í nýjan tíma, ekki síst í gegnum menntastofnanir. Piltar gátu komist í misjafnlega hátt metnar starfsstéttir í gegnum skólana, en meirihluti þeirra hafnaði á almennum vinnumarkaði. Hlutskipti kvenna tengdist hjónabandi. Kvenna- og húsmæðraskólar sinntu starfsmenntun bændakvenna og kvenna sem bjuggu sig undir að standa undir stórum heimilum í þéttbýli, t.d. kaupmanna- og iðnmeistararheimilum. Í starfsmenntakerfinu mótuðust örfáar leiðir til að verða sjálfstæð kona, t.d. hjúkrunarkona, ljósmóðir að viðbættum þeim fáu sem luku iðnnámi eða háskólanámi, en ef þær ætluðu að vinna þýddi það oftast einlífi.

Hvað varðaði menntun og starf voru þessar brautir all stöðugar fyrstu fjóra áratugi aldarinnar, en innan þeirra varð breyting á æskumenningu og sjálfræði. Í upphafi voru sett skýr mörk á milli "betri" brauta og alþýðunnar með skýrum félagslegum markmiðum og siðferðilegum viðmiðum sem mörkuðu allt nám og félagsstarf. Þjóðernisstefna, kristni, verkalýðshyggja, hófsemd eða bindindi og strangar reglur um samskipti kynja og kynlíf voru hér efst á blaði. Þessar skorður hurfu ekki, en er leið á tímabilið varð þó vaxandi svigrúm innan þeirra til frjálslægri lífshátta og mótun lífsskoðana. Jafnframt dró úr útilokun alþýðunnar. Annars vegar beindi verkalýðshreyfingin athygli að alþýðuæskunni, sumpart með svipuðum viðmiðum og einkennt höfðu ungmennafélög og bindindisfélög. Jafnframt var í vaxandi mæli reynt að ná til verkalýðsæskunnar í starfsemi stjórnmálaflokka, kristilegra samtaka og fleiri félaga.

Í upphafi aldar var viðmiðunin hinn sjálfstæði bóndi eða samsvörun hans á mölinni - iðnaðarmaðurinn, kaupmaðurinn eða aðrir tegundir borgara. Smám saman fengu lífshættir kapítalismans og fjölbreytileiki þéttbýlis aukið aðdráttarafl. Kreppa 4. áratugarins gerði erfiðara að láta þessa drauma rætast, en þeir héldu áfram að magnast. Þótt samfélagið væri formlega opið, voru valmöguleikarnir einatt takmarkaðir við fjárráð og sambönd eða mikla áhættu þurfti að taka með því að flytja sig í annan landshluta út í mikla óvissu. Í lífi flestra einstaklinga var brautin meira og minna gefin og þeir draumar sem gátu ræst voru oftast bundnir þeirri braut sem menn voru lagðir af stað á. Afgreiðslumaðurinn gat kannski orðið kaupmaður, iðnaðarmaðurinn meistari og sjómaðurinn komist yfir eigin bát. En nútíma lífshættir opnuðu líka stærri sjóndeildarhring, sem í sveitum og sjávarþorpum tók á sig mynd draumsins um að fara "suður heiðar", eins og Gunnar M. Magnúss lýsti því í einni helstu unglingabók 4. áratugarins, draumsins um að verða ein af þeim "Reykjavíkurdætrum" sem Þórunn Elfa Magnúsdóttir lýsti (1930).

II.2.2. 1940-65. Sveitir tæmast. Milli- og starfsstéttir eflast.

Styrjöldin opnaði ýmsa leiðir að draumum og aðrar sem engan hafði órað fyrir. Svipuð *leysing* (release, Freizetzung, hugtak T. Ziehe (Ziehe & Stubenrauch 1982) varð og við lausnina úr bændasamfélaginu hálfri öld áður. Ungir fátækir piltar án fjölskyldusambanda gátu nú komist í iðnnám eða menntaskóla, ungar fátækar stúlkur í húsmæðraskóla eða menntaskóla. Margir sem kreppan hafði þjarmað að, fengu ný tækifæri. Kotbændur urðu gervismiðir og verkamenn braskarar. Um leið og draumar rættust, kviknuðu aðrir stærri.

Formlegar brautir til fullorðinsaldurs tóku byltingarkenndum breytingum á 5. áratugnum. Gagnfræðanám og iðnnám galopnaðist. Hlutfall iðnnema af árgangi þaut á fáum árum úr 5% í 20% og almennt aðgengi varð að gagnfræðanámi, auk þess sem landspróf bætti aðgang að menntaskólanámi. Upp úr því fjölgaði einnig í háskólanámi, bæði heima og erlendis.

Það opnuðust líka brautir úti í atvinnulífinu og það var engin nauðsyn að fara í nám til að komast áfram í lífinu. Að sumu leyti varð Ísland gullgrafarasamfélag; fyrst opnaði kanavinna og stóraukið fjárstreymi í samfélaginu ótal leiðir fyrir útsjónarsamt fólk, og síðar komu síldveiðiafventýri og fleira.

Bensla á öðrum sviðum dró til sín ungt fólk úr sveitum, en á sama tíma opnuðust nýir möguleikar fyrir þá sem eftir urðu. Síðustu vinnumennirnir og og húsmennirnir gátu orðið bændur.

Opnun samfélagsins þýddi ekki síst aukin tækifæri ungra kvenna. Þær streymdu inn í gagnfræðaskólana, menntaskólana og þær fáu iðngreinar sem þær höfðu aðgang að, sem og inní ný störf í þjónustu. Húsmæðranám var ekki lengur forréttindi kvenna sem ætlað var að "standa fyrir búi", heldur handa hinni venjulegu konu, svo hún gæti séð ein um heimilið og jafnframt fengið tíma til að vinna utan heimilis.

Eftir umbyltingar 5 áratugarins urðu hinar breyttu og opnari brautir til fullorðinsaldurs tiltölulega stöðugar að ytri sýnd fram á miðjan 7. áratuginn, eins og verið hafði tímabilið á undan. Innan þeirra grefur hratt undan feðraveldi og taumhaldi á unga fólkinu. Ungdómsmenningin öðlast nú verulegt sjálfstæði og verður sá vettvangur þar sem unga fólkið gengur nútímanum á hönd, en átök og spennu einkenna tengsl ungdómsmenningarinnar við umhverfi sem reynir að halda í fyrri skorður.

II.2.3. 1965-2000: Hinn breiði vegur menntaskólans

Eins og stríðsárin verður tímabilið frá því um miðjan 7. áratuginn og langt fram á þann 8. tímabil umbreytinga. Menntunarsóknin verður að menntunarsprengju, sem beinist í ýmsar ólíkar áttir. Iðnskólabrautir á fjölbraut hleypa nýju lífi í iðnnámið, háskólanám fer vaxandi og starfsnám kennara og hjúkrunarfræðinga færir á háskólastig. Um 1980 er þó ljóst að hið almenna stúdentspróf verður sigurvegarinn sem hin almenna leið en menn bregðast ekki við því.

Hvað varðar menntun skiptist uppvaxandi kynslóða fljótlega í fjórar skýrt afmarkaðar brautir.

- Þeir sem ljúka háskólanámi eða starfsnámi á háskólastigi
- Þeir sem ljúka stúdentsprófi en ekki frekara námi.
- Þeir sem ljúka starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
- Þeir sem ljúka engu "haldbæru" námi.

Á tiltölulega stuttum tíma minnkar sá hópur sem lendir á síðastnefndu brautinni úr meirihluta í fjórðung ungdóms. Þriðja brautin er svipuð að stærð allt tímabilið, en fyrstu tvær brautirnar fjórfaldast hvor um sig. Þessi umskipti eru örúst á 8. og 9. áratugnum en hægari á þeim 10. Þannig að all jöfn skipting milli brautanna fjögurra festir sig í sessi (enn að minnsta kosti).

Fljótlega á tímabilinu fara konur fram úr körlum hvað varðar stúdentspróf og þær sækja stöðugt í sig veðrið hvað varðar háskólanám, en starfsmenntun á framhaldsskólastigi festist í sessi sem karlafyrirbæri.

Þessar námsleiðir eru þó ekki aðskildar brautir eins og var langt fram á 7. áratuginn. Ungu fólki er skellt í sama pott á framhaldsskólaaldri og hvorki skólayfirvöld né unglingarnir sjálfir vita alltaf á hvaða braut þeir eru staddir. U.þ.b. fimmtungur af hverjum árgangi fer beina leið í gegnum menntaskóla og háskólanám og álíka stór hópur fer aldrei í framhaldsskóla eða hættir innan tveggja ára. Enn færri ljúka starfsnámi á framhaldsskólaaldri. Um það bil helmingur hvers árgangs á brokkgenga skólagöngu, missir úr önn og önn, tekur sér hlé til að vinna og hverfur jafnvel úr skóla árum saman en kemur þangað aftur. Fram eftir öllum þrítugsaldri er fólk að ljúka framhaldsskólanámi og það teygist líka á aldri háskólanema. Á vinnumarkaði fer ungt fólk líka á milli starfa, og fjölskyldustaða þeirra breytist gjarnan oft milli þess að vera einhleypur eða í sambúð.

II.2.4. Sýnd: allt opið. Reynd: skilvindan vinnur með nýjum hætti

Á fyrstu áratugum 20. aldar markaðist félagslíf ungs fólk af öflugum siðferðilegum og menningarlegum skorðum sem eldri kynslóðin réði mestu um; á áratuginum eftir síðari heimstyrjöld urðu þessar skorður undan að síga fyrir mun sjálfstýrðari ungdómsmenningu, sem á tímabili tók á sig mismunandi myndir eftir brautum en rann síðan meira og meira saman í menntunarsprengju og ungdómsuppreisn 7. áratugarins. Ungdómsmenning síðustu áratuga er mun margræðari. Spurningar um siðferðilegar skorður kvikna með nýjum hætti þar sem hvorki er um sjálfsögð viðmið að ræða né áherslu á að allt sé leyfilegt. Í opinberri umræðu togast á mjög ólík siðferðileg sjónarmið, en í daglegu lífi sínu þarf ungt fólk að taka afstöðu til flókinna siðferðilegra vandamála, þar sem ólík sjónarmið eru uppi. Uppreisn af margvíslegu hætti skýtur oft upp kollinum, til dæmis í fyrirbærum eins og pönki, gruggi, reifi og margs konar pólitískum hreyfingum, en uppreisnin hefur aldrei orðið samnefnari í sama mæli og um 1970. Ungdómsmenningin breytist stöðugt; innan hennar verða stöðugt til nýir hópar, nýjar uppskiptingar og nýjar blöndur ólíkra áhrifa. Yfirbragðið er oft með þeim hætti að hver og einn velji sér lífsstíl úr miklu úrvali. Vegferðin til fullorðinsaldurs er sem sé öll orðin margbrotnari en áður og augljóslega ekki sama hópferð en fyrr.

Það merkilega er þó að flestir koma út úr þessum suðupotti í svipuðu formi og þeir fóru í hann. Einkunnir í grunnskóla (sjá Jón Torfa Jónasson 2001) hafa mikið forspárgildi um það hvernig fólk kemur upp úr suðupotti ungdómsins. Hið sama gildir eflaust um menntun og stéttarstöðu foreldra, en því miður eru íslenskar rannsóknaráherslur með þeim hætti, að ekki eru til nýjar rannsóknir í þeim efnum (sjá Sigurjón Björnsson 1980 og Hannes Ísberg Ólafsson, óbirtar rannsóknarniðurstöður). Full ástæða er til að rýna betur í þau ferli sem þar eru að verki, en ekki síður að skoða hinar fjölmörgu undantekningar: hverjar eru hinar sérstöku forsendur þeirra sem brjótast undan félagslegri arfleifð og skapa sér lífsskilyrði sem voru ekki skráðar í stjórnum þeirra við fæðingu.

II.3. Alþjóðleg umræða

Alla 20. öldina hafa ungdómsrannsóknir og opinberar aðgerðir í málaflokknum vafist saman með margs konar hætti í vestrænum ríkjum. Síðustu tvo áratugi eða svo hefur orðið til samevrópsk umræða, sem á sér nokkrar auðrekjanlegar rætur í samfélagsþróuninni:

- almenn tilhneiging til að lengja skólagöngu.
- mikil fækkun atvinnutækifæra fyrir unglinga í iðnaði og öðrum hefðbundnum störfum.
- atvinnuleysi
- Evrópuvæðing

Síðastnefnda atriðið hefur ýtt mjög undir samanburðarrannsóknir. Augu manna hafa opnast fyrir því að brautir til fullorðinsaldurs hafa verið mjög ólíkar í Evrópu. Til dæmis hefur starfsnám á framhaldskólastigi verið ráðandi braut í þýskumælandi löndum fyrir þá sem ekki fara í almennt háskólanám, en í Bretlandi og Frakklandi hafa menn komist ófaglærðir inn í iðnað og "lært á staðnum". Nú sjá menn mörg merki um að ungdómur í Vestur-Evrópu færist nær hver öðrum. Á hinn bóginn greinir menn á um fjölmörg atriði hvað varðar eðli og stefnu þeirra breytinga sem eiga sér stað.

- Hversu lík verður umgjörð ungdómsins? Getur ungdómurinn 'evrópuvæðst' og hnattvæðst í menningu og atvinnulífi, án þess að stofnanaleg og menningarleg umgjörð breytist verulega?
- Er ungdómsskeiðið að lengjast, í báðar áttir, eða þvert á móti að missa sérstöðu sína, þannig að börn og fullorðnir takist á við breytingar og biðstöðu sem áður tilheyrðu ungdómsskeiðinu?
- Merkir vaxandi áhersla á einstaklinginn minnkandi vægi hins félagslega eða frekar að það verði ósýnilegt og fái jafnvel nýtt vægi af þeim sökum?

Ljóst virðist að ungdómsskeiðið einkennist í æ minna mæli af fastmótuðum brautum, sem hver kynslóð skiptir sér niður á í tiltekna "hópferðir", en stóra spurning núverandi ungdómsrannsókna er hversu langt þessi þróun gengur í að rýra gildi félagslegra flokkunarkerfi á borð við stétt og kyngervi.

Annar meginpóll umræðunnar er oft kenndur við breska félagsfræðinginn Anthony Giddens (1991), sem leggur áherslu á að menn gangi inn í samfélagið í dag sem einstaklingar en ekki sem hluti af stétt eða öðrum félagshóp. Vitaskuld vísar Giddens hér til hlutlægra breytinga, sem fela það í sér að einstaklingar eru ekki í sama mæli og fyrr háðir félagslegri stöðu foreldra eða því félagslega umhverfi sem þeir alast upp í, heldur bjóðast margvísleg tækifæri til að verða "sinnar eigin gæfu smiðir". Vissulega skipti uppruni og aðstæður enn miklu máli fyrir lífstækifæri uppvaxandi einstaklinga, en í kjölfar menningarlegs umróts hafi orðið slík hugarfarsbylting, að slíkar forsendur ákvarði ekki líf fólks lengur.

Gegn kenningu Giddens hefur risið fjölradda kór, sem leggur áherslu á að vegferð til fullorðinsaldurs hefur ekki misst félagslegt eðli sitt. Reidd eru fram ítarleg sönnunargögn um að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni þegar félagsleg staða nýrrar

kynslóðar er borin saman við foreldrana. Leiddir eru fram ótal vitnisburðir um að það er ekki bara félagsleg staða heldur líka lífsviðhorf og hugarheimur fólks sem draga dóm af uppruna og draga fólk í dilka samkvæmt stétt, kyngervi, búsetu og öðrum félagslegum þáttum. Hins vegar hafi félagsgerðin villandi ásýnd þannig að einstaklingunum virðist sem þeir séu eigin gæfu smiðir (Furlong & Cartmel 1997).

Giddens leggur áherslu á hugarfarsbreytingu, sem tengist hlutlægum breytingum og geefur möguleika á frekari hlutlægri breytingu, en gagnrýnendur hans telji frekar að hugarfarsbreytingin feli í sér blekkingu sem feli það að félagslegt misrétti færist á milli kynslóða. Oft er það sök að málflutningur þessara andstæðinga mætist engan veginn. Þannig er vitnisburður til stuðnings kenningum Giddens einkum sóttur í viðtöl sem birta sýn einstaklinga á lífshlaupi þeirra, sem og í ýmsar menningarafurðir samtímans. Andstæðingar hans vitna hins vegar í mælingar á félagslegum aðstæðum sem sýna að félagsleg mismunur flytjist á milli kynslóða. Þannig virðast deilur innan ungdómsvísinda oft vera deilur um keisarans skegg, en það er þó vænlegra til að komast lengra áleiðis að skoða þær sem merki um það hversu erfitt er að skoða hlutlæga og huglæga þætti samfélagsins í senn, þannig að báðum hliðum sé gert jafn hátt undir höfði.

Veigamikla tilraun til að yfirvinna þessa aðgreiningu er að finna í rannsóknum á ævihlaupi einstaklinga, þar sem skoðaðar eru í senn hlutlægar breytingar, svo sem námsval, atvinnuþátttaka og heimilisstofnun og viðhorf einstaklinganna til þeirra. Forgöngumenn þessarar nálgunar eru Þjóðverjar á borð við Ulrich Beck (1986) og hollenskir rannsóknaraðilar undir forystu Manuelu duBois-Reymond (du Bois-Reymond 1998; Ravesloot et al. 1999, du Bois-Reymond et al. 2001), en margir rannsakendur á Norðurlöndum og í Bretlandi hafa beitt þessari nálgun. Áhersla er lögð á margs konar samamburð: milli ólíkra þjóðfélagsstétta, kynja, búsetuhópa, jafnvel landa og, síðast en ekki síst, á milli kynslóða; beitt er mismunandi aðferðum við túlkun en áhersla lögð á samræmda túlkun margra aðila.

Grunnhugtökin eru hugtakaandstæðan *normal biography vs. choice biography*. Vinnukenningin er sú að lífshlaup einstaklinga hafi áður einkennst að aðlögun að hegðunarreglum samfélagsins; forskrift hafi verið til um "eðlilegt lífshlaup", reyndar mismunandi forskriftir fyrir mismunandi þjóðfélagshópa. Sum frávík hafi verið innan eðlilegra marka en önnur verið ávísun á útskúfun að meira eða minna leyti. Í dag markist lífshlaupið ekki af slíkum forskriftum heldur af því að einstaklingurinn verði stöðugt að velja og hafna. Valið sé vitaskuld ekki frjálst með öllu, heldur háð forsendum og aðstæðum einstaklingsins, en áherslan sé ekki á þessum aðstæðum heldur á nauðsyn þess að velja og að réttlæta valið fyrir sjálfum sér og öðrum. Áður hafi einstaklingarnir einkum fundið fyrir álagi af forskriftum umhverfisins og hafi óttast viðurlög þess, en nú finni þeir fyrir því álagi að þurfa stöðugt að velja og óttast þess að eiga eftir að iðrast þess hvað valið er.

Með þessu hugtakapari er reynt að sjá samspil og hugsanlegan aðskilnað hins hlutlæga og hins huglæga, en á hinn bóginn hefur reynst erfitt að halda hinni skýru hugtakaaðgreiningu til streitu í empírískum rannsóknum:

- Rannsóknir benda ekki til þess að hægt sé að greina skýran eðlismun á milli kynslóða. Þótt lífshlaup eldri kynslóða hafi fremur einkennst af aðlögun að forskriftum en lífshlaup yngri kynslóða fremur af vali, virðist oft sem fremur sé um að ræða stigsmun en eðlis. Forskriftir hafa misst vægi en ekki horfið úr sögunni. Val er ekki

nýtt, heldur má frekar segja að einsatklingarni velji oftast, en ekki með jafn afdráttarlausum afleiðingum, og að val og réttlætning á vali taki meira pláss í hugarheimi þeirra.

- Jafnframt virðist sem forskriftir og val blandist saman á mismunandi hátt, ekki síst á þeim "ögurstundum" lífsins sem athygli er gjarnan beint að.
- Hvað varðar hugtakamyndun og aðferðafræði leysir þessi nálgun ekki aðgreiningu milli hins hlutlæga og hins huglæga. Hugsanlega er mismunur á milli frásagna kynslóðanna af lífshlaupum þeirra fyrst og fremst mismunur á milli þess talsmáta og frásagnarháttar sem tíðkast á ákveðnum tímum. Fyrir fáum kynslóðum síðan var talað um ákvarðanir ungs fólks með orðum eins og "það sámir" og "það tíðkast", og sagðar voru dæmisögur um fólk sem hafði farið út af sporinu og aðra sem breyttu kristilega og dyggðugt. Uppvaxandi kynslóðir alast upp við frásagnir af fólki sem hefur valið sér braut í lífinu og komist þangað, og þær eru umluktar alls kyns ráðgjöfum sem kenna þeim að hugsa líf sem sem röð ákvarðana.

Það er alþekkt í vísindum að menn geta lengi leitt fram stoðir undir gagnstæðar kenningar, samanber eilífðarumræðuna um erfðir og umhverfi. Það væri hins vegar rangt að gera spurninguna um það, með hvaða sjónarhorni á að skoða uppvaxtarskilyrði ungdómsins, að hreinni geðþóttaákvörðun. Meðal þeirra atriða sem frekari rannsóknir þurfa að skoða eru:

Að stéttaskipting er stöðugt á hreyfingu. Á meðan verkalýðsstéttin óx um allan hinn vestræna heim fram að síðari heimsstyrjöld, einkenndist síðari hluti aldarinnar af félagslegum hreyfanleika upp á við og því að lífshættir stórs hluta verkalýðsstéttarinnar drógu dóm af millistéttinni, en jafnframt er ljóst að félagslegum hreyfanleika fylgdi að margt úr lífsháttum verkalýðsstéttarinnar hefur breiðst út meðal millistéttarinnar. Í stað einfaldrar sundurgreiningar, við og þeir, kemur stöðugt val og umhugsun.

Svipuð ferli gilda um kyngervi. Breytingarnar markast ekki bara af jafnréttisbaráttu og auknum vegi hin kvenlæga, heldur líka hinu, að kynin nálgast (Bjerrum Nielsen & Rudberg 1994).

Persónuleikar nýrra kynslóða mótast ekki með sama hætti og hinna fyrri og hægt að tala um nýjar persónuleikagerðirþróun. Langt er síðan menn veittu athygli langtíma þróun frá ytri stýringu til innri stýringar, en stundum er eins og það gleymist og menn sjái ný birtingarform þessa fylgifisks nývæðingarinnar sem eitthvert algert nýnæmi. Hegðunarforskriftir eru ekki horfnar úr sögunni; frekar er hægt að lýsa breytingunni þannig að þær hafi breyst úr nákvæmri forskrift í skissur, sem velja verður á milli og fylla nánar út í. Sú breyting hefur líka staðið yfir í margar aldir að auki áhersla er lögð á einstaklinginn á mismunandi sviðum, sem vinnuafli, neytanda og þátttakanda í ýmsu félagslífi. Því fylgir áhersla á einstaklingsbundið val á æ fleiri sviðum. Hinu mega menn ekki gleyma að þessari þróun fylgir aukið áhersla á einstaklingurinn geti sjálfur beitt viðurkenndum siðferðilegum mælikvörðum við stöðugt breyttar aðstæður. Um leið og umhverfi einstaklingsins er ekki lengur sjálfsagt og breytist hægt, vex krafan um að hann búi yfir félagslegu eðli sem hægt er að virkja við síbreyttar aðstæður - á nýjum vinnustað, í nýju landi etc.

Kenningar um aukið vægi einstaklings og breytt lífshlaup eru sem sé vandmeðfarnar og svo er einnig um þriðja meginþátt nýrra félagsfræðikenninga sem gjarnan er beitt á undóm, kenninguna um 'reflexivity' eða getu og kvöð einstaklingsins til

að spyrja sífellt að því hvað hann sé að gera, hvers vegna og hvernig skýra eigi það fyrir öðrum. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að efast um réttmæti þessa hugtaks, heldur hvernig það er skilið. Sumir kenningasmiðir, svo sem Giddens, leggja megináherslu á að umhugsun gegnumsýri allar gerðir manna, en aðrir, svo sem Beck, vilja jafnframt undirstrika að fyrirbrigðið er oft að verulegu leyti ómeðvitað eða gerist á öðrum nótum en rökhugsun nær til, ekki síður í verki en hugsun. Enn fremur er ástæða til að horfa á samspil einstaklings og samfélagsstofnana, hvað umhugsun varðar, ekki einungis sem spurningu um aðlögun einstaklingsins.

Í fræðilegu tilliti er rannsóknin, sem hér er kynnt, framlag til þeirrar umræðu sem hér hefur verið dregin upp, ekki síst tilraun til að skerpa sýnina á það hvernig nýjar kynslóðir samtvinnu hlutlæga og huglæga þætti, félagslegan arf og val. Um leið er spurt hvaða umhugsun einkennir gerðir þeirra, hversu meðvituð hún er og hvort hún á samsvörun í samfélagsstofnunum sem eru hluti af rammanum um líf þeirra.

III. Breyttur ungdómur á Íslandi. Nokkrir meginþættir.

(Um stöðu úrvinnslu. Dregin hafa verið saman tiltæk töluleg gögn og rannsóknarniðurstöður um stöðu ungdóms á Íslandi. Úrvinnslu er ekki lokið, og einkum þarf að gera hagtölur samanburðarhæfari og skýra forsendur ýmissa talna, áður en þær eru settar fram. Að þessu sinni eru því einungis birtar fáar töflur og tölulegar staðreyndir, en leitast við að draga upp mynd með grófum dráttum).

Í II. kafla var dregin upp heildstæð mynd af þróun ungdómsskeiðsins á Íslandi á 20. öld, en hér verða nokkrir meginþættir sem varða ungdóm á Íslandi í dag skoðaðir hver fyrir sig, sumpart í ljósi sögulegs aðdraganda.

III.1. Menntunarsókn

Hægt er að greina skýr skeið í þróun ungdóms á 20. öld, hvað varðar menntun:

1. *skeið. 1900-1940. Ungdómur í skjóli starfsstétta*

Allt fram að síðari heimsstyrjöld var þjálfun til þátttöku í atvinnulífi aðeins að litlu leyti aðskilin frá fullri þátttöku. Skólagöngu mikils þorra uppvaxandi kynslóða lauk við fermingu.

- Stúdentum fjölgaði hægt. Stjórnvöld sáu ekki ástæðu til að fjölga þeim, en með tilkomu M.A. 1927 og gagnfræðaskólanna í Reykjavík um svipað leyti fjölgaði í menntaskólum og stúdentsprófum
- Mun meiri áhersla var á að efla sérnám til sérhæfðari starfsgreina. Í lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. eru settir á stofn bændaskólar, iðnskólar, sjómannaskólar, verslunarskólar og kennaraskóli,
- Stúlkur voru í miklum minnihluta í mennta-, kennara- og verslunarskólum, sjaldgæfar í iðnskóla og óþekktar í skipstjórnarskólum. Fámennar menntunarleiðir voru helgaðar þeim, hjúkrun og ljósmóðir, sem og húsmæðraskólar sem miðuðust þó við stórbýli og heldrimannafjölskyldur.
- Í sjómennsku var einungis um að ræða starfsnám til skipstjórnar og vélstjórnar og ekki heldur til almennrar verksmiðju- og verkamannavinnu.

Mikill þorri ungmenna menntaðist því til starfa beint í atvinnulífinu og sá minnihluti sem naut starfsmenntunar, gerði það undir handarjaðri og ströngu eftirliti eldra fólks í greininni. Stúlkur lærðu húsmæðrastörf í vist, piltar sjómennsku hjá formönnum o.s.frv.

Á þessu tímabili stefnir Ísland í áttina að starfsgreinasamfélagi, líkt og einkenndi flest vestræn samfélög á því skeiði sem kennt er við innrás og hátind nútímans (early and high modernity).

2. *skeið. 1945-65. Ungdómur í starfsmiðuðum framhaldsskólum*

Þau umsvif, þær auknu tekjur af fiskútflutningi og það félagslega umrót sem fylgdu heimsstyrjöldinni síðari gerbyltu þessari mynd.

- Nokkur aukning varð í menntaskólanámi, einkum meðal kvenna

- Hrein sprenging varð hins vegar á tveim vígstöðum. Í fyrsta lagi í gagnfræðanámi, sem var fyrst og fremst viðbót við bóknám, en um leið ágæt leið inn í ný störf í verslunum, á skrifstofum og í margvíslegri þjónustu.
- Í öðru lagi varð sprenging í starfsnámi. Það hlutfall hvers árgangs sem fór í iðnnám óx á áratugnum 1940-50 úr um 5% í um 15%. Jafnframt varð aukning í verslunarnámi, kennaranámi og öðrum sérskólum.
- Veruleg aukning meðal kvenna, einkum í gagnfræðaskólanámi, menntaskólanámi og bóklegu starfsnámi kennara- og verslunarnámi, en nær ekkert í iðnnámi, utan hárgreiðslu. Hjúkrunarnám óx og Fósturskólinn bætist við sem ný kvennanámsbraut.
- Sá hluti sem ekki fór í nám að lokinni skyldu minnkaði verulega og einnig fækkaði þeim sem ekki lærðu eitthvert starfsnám. Starfsnám var (og er) þó enn óþekkt í almennum sjómannsstörfum, verksmiðjuvinnu og verkamannavinnu. Þjóðfélagsbreytingar sem fylgja hersetu og auknum fjárráðum í samfélaginu, sem og síldarævintýri, opna þó ungu fólki án sérstakrar menntunar margvísleg tækifæri til að afla góðra tekna og skapa sér góða aðstöðu í samfélaginu.

Sú eðlisbreyting verður að feðraveldi starfsstéttanna hefur mun minna taumhald á ungdómsskeiðinu en áður. Þótt vaxandi hlutfall æskunnar fari í iðnnám, eru namar þar langtum óháðari meisturum sínum, vegna breyttra aðstæðna á vinnumarkaði og í þjóðfélaginu almennt. Í iðnskólum, sérskólum og gagnfræðaskólum vex fram mun víðtækari ungdómsmenning en þekkt hafði áður. Hún er framan af með nokkru starfsstéttasniði, þar eð félagslíf hvers skóla dregur dóm af hefðum, en með sókn fjöldamenningar og rokkmenningu á 6. áratugnum verður hún almennari, og á 7. áratugnum minnkar munurinn á ungdómsmenningu starfsmenntaskóla og menntaskóla.

3. skeið. 1970- Sigurganga almenna námsins

Strax um 1965 átti iðnnám undir högg að sækja á meðan ásókn fór mjög vaxandi í almennt menntaskólanám og svipað nám, t.d. í Kennaraskóla. Reynt var með ýmsum hætti að efla starfsnámið, einkum með því að stofna starfsnámsbrautir í iðnskólunum, sem gerðu það kleift að komast langt áleiðis í iðnnámi án þess að komast á samning.

Fjölbrautaskólahugmyndinni var í upphafi ætlað að skapa jafnrétti og samgang milli ólíkra námsleiða og á fyrstu árum fjölbrautaskólanna á 8. áratugnum gat virst sem stefnt væri í þá átt, þar sem við hlið bóknámsbrauta spruttu bæði verknámsskólar innan löggiltra iðngreina og starfsmiðaðar námsbrautir, sem miðuðu að sérskólum eða út í atvinnulífið. Fljótlega kom þó í ljós að samræming framhaldsskólans var á forsendum bóknámsins. Grunnhugsunin var sú að auðvelda nemendum að flytja sig á milli brauta, en fljótt festist sú skipan í sessi að nær einvörðungu almenna námið varð yfirfæranlegt á milli brauta. Jafnframt óx hlutur almenna námsins í starfsnámsbrautunum. Hinar nýju starfsnámsbrautir bjuggu við tómlæti atvinnulífs og skólamenn kunnu ekki annað en áherslu á bóknám. Í löggiltum iðngreinum tengdist aukið bóknám þessu sama sambandsleysi og jafnframt hinu, að alls kyns stafræn tækni ruddi sér til rúms í greinum sem áður höfðu verið blanda handverks og véltækni. Enn fremur var sem vegur og virðing iðngreina færi verulega eftir því hversu miklar kröfur um almenna menntun þær gerðu.

Helsta fjöldapróun er svofelld:

- Hlutfall stúdentsprófa af hverjum árgangi tvöfaldaðist úr 11% 1966 í 22% 1974 og aftur í 44% 1990. Bæði á undan og eftir þessari fjórföldun er um hægan vöxt að ræða, og síðan um 1990 hefur hlutfallið vaxið hægt upp í um 50%.
- Hlutfall sveinsprófa af árgangi var all jafnt 1950-65 eða um 15%, en hefur síðan sveiflast upp og niður. Meginskýringarnar eru annars vegar að hagsveiflur ráða miklu um inntöku í meistaranám og hins vegar virðist um langtíma samdrátt að ræða, en að aðgerðir til úrbóta hafi á vissum skeiðum unnið tímabundið á móti.
- Nokkur fjölgun hefur orðið í öðru starfsnámi á framhaldsskólastigi og talsverð fjölgun í margs konar starfsnámsskeiðum utan skólakerfisins.
- Ekki eru til áreiðanlegar tölur um fjölda þeirra sem ljúka háskólanámi, en margt bendir til þess að til lengri tíma hafi um það bil helmingur stúdenta lokið einhverju háskólanámi, þ.e. að hlutfall háskólamanna, að meðtöldu styttra starfstengdu námi, hafi vaxið úr 5% í 25% á síðustu 40 árum.
- Fjölgun í almennum framhaldsnámi er fyrst og fremst fjölgun stúlkna og þær eru smám saman að verða meirihluti háskólastúdenta, einnig í lengra námi.
- Helstu vaxtarbroddar 10. áratugarins eru annars vegar ýmiss konar starfsnám utan skólakerfisins. Þar ber hæst námskeiðahald einkaaðila í tölvum og ferðaþjónustu, sem og margs konar námskeið sem haldin eru á vegum samtaka í atvinnulífi, gjarnan tengd kjarasamningum. Hins vegar ýmiss konar styttra starfsnám á háskólastigi.

Einkenni þessarar þróunar eru einkum fjögur: Í fyrsta lagi er hægt að tala um menntunarsprengingu á árunum 1965-90. Í öðru lagi felst þessi mikla aukning einkum í fjölgun stúlkna í námi, á meðan menntunarsókn pilta vex mun hægar. Í þriðja lagi hefur sprengingin farið um farveg stúdentsmenntunar, og í fjórða lagi hefur henni jafnframt fylgt eðlisbreyting framhaldsskólanáms þannig að almennt bóknám hefur líka gegnsýrt starfsnámið.

Í skólakerfinu fer ungt fólk ekki lengur um mismunandi dilka eftir starfsgreinum heldur um einn almenning. Þetta merkir ekki að unga fólkið sé ekki lengur dregið í dilka, heldur að það er nú gert samkvæmt almennum mælikvörðum. Á máli skólakerfisins heita þessir mælikvarðar frammistaða í almennum greinum, en á máli félagsfræðinnar eru þeir spurning um *menningarlegan og félagslegan höfuðstól* (Bourdieu). Í því hugtaki skiptir almenn menntun miklu, en hún er annars vegar tengd uppeldislegum áhrifum, aðgangi að menningu og félagslegum samböndum, og hins vegar tengist hún baráttu þjóðfélagshópa um völd og tekjur.

III.2. Fjölskyldustofnun

Sambýli landbúnaðar- og sjávarútvegssamfélags fram eftir öldinni fylgdi mikið misræmi í fjölskyldugerð. Í sveitum stofnuðu menn sjaldan til fjölskyldu fyrr en þeir höfðu eigin jörð og þá voru þeir oftast orðnir vel fullorðnir. Við sjávarsíðuna stofnuðu ungir launþegar miklu fyrr til fjölskyldu, en þar var óvígð sambúð hins vegar algeng og oft ekki staðfest með giftingu fyrr en eftir að nokkur börn voru fædd.

Hár giftingaraldur til sveita og tíðni óvigðrar sambúðar við sjávarsíðuna eru meginskýringar þess að hjúskaparaldur á Íslandi lækkar lítið allan fyrri helming 20. aldar og er einn sá hæsti í Evrópu (Gísli Gunnlaugsson 1993). Á tímabilinu 1940-80 lækkar

hann nokkuð en hækkar aftur síðan. Meginmynstrið í Evrópu er að hjúskaparaldur er lægri í kaþólskum löndum en meðal mótmælenda, einkum meðal kvenna, en á Íslandi er hann nú um 30 ár fyrir konur og 33 fyrir karla eða um fimm árum hærri en meðal annarra mótmælendabjóða. Að öllum líkindum er meginskýringin tíðni óvígðra sambúða (einnig gætu mismunandi skráningarhefðir komið við sögu - athugist nánar).

Eins og gerst hefur með nývæðingu um allan heim, fjölgaði Íslendingum afar hratt um síðustu aldamót, þegar ungbarnadauði minnkaði og meðalaldur lengdist. Síðan fór að draga úr barnsfæðingum, einkum á 4. áratug 20. aldar, en í kjölfar síðari heimsstyrjaldar urðu fæðingar lifandi barna á hverja konu enn á ný jafn margar og um aldamótin á undan. Síðan hefur dregið úr þeim, svo að nemur nánast helmingun, en þó fæðast enn nógu mörg börn til þess að íslensku þjóðinni fjölgar án þess að innflutningur sé skýringin, einni af fáum þjóðum í Evrópu.

Á fyrri hluta 20. aldar að fjölgaði barnseignum 20-24 ára kvenna á meðan þeim fækkaði í öðrum aldurshópum. Hámarki náði frjósemi 20-24 ára kvenna um 1960, en síðan hefur hún lækkað örur en meðal þeirra sem eru eldri. Frjósemi 15-19 ára kvenna óx gífurlega frá því á 3. áratugnum og allt fram að 1970, en dróst síðan verulega saman (Gísli Gunnlaugsson 1993:97-99).

Þessar breytingar ber að skoða í ljósi aðgengis að getnaðarvörnum og fleiri atriða, og meðal annars hlýtur það að vera til skoðunar hvaða breytingar hafi orðið á því, hvort barneignir samræmist ungdómslífi. Þær eru þó jafnframt tvímælalaust til marks um að *aldursmörk ungdóms skeiðsins lækkuðu meðal stærstu samfélagshópanna frá því í lok 19. aldar og fram til um 1960, en síðan hafa þau almennt hækkað.*

Við upphaf 21. aldar virðist það einkum greina íslenskan ungdóm frá evrópskum, hvað varðar fjölskyldustofnun og barneignir, að á Íslandi er ekkert eitt "líkan" ráðandi. Á Ítalíu ber mest á tilhneigingu til þess að ungdómur býr heima hjá foreldrum og eignast ekki börn; í Hollandi leggur meirihluti ungdómsins áherslu á að gera hlutina "í réttu röð", þ.e. að ljúka námi áður en heimili er stofnað og hugað er að barneignum. Í Svíþjóð hefur það orðið æ algengara að ungt fólk gifti sig snemma, en skilji fáum árum síðar án þess að hafa eignast börn og eignist fyrst börn í öðru hjónabandi sínu. Í mörgum löndum er háskólamenntað fólk gjarnan barnlaust, líka eftir að það er komið í sambúd og hjónaband, en í hverfum sem einkennast af atvinnuleysi fjölgar þeim stúlkum sem eignast börn á táningsaldri. Á Íslandi verður allra þessara fyrirbæra vart, og einnig er hægt að benda á tvö fyrirbæri sem eru all sérstæð fyrir Ísland:

- Töluverður hluti ungdómsins fer í sína fyrstu sambúð inn á heimili hjá foreldrum annars þeirra. Þetta á við um 4% af öllu ungu fólki á aldrinum 16-27 ára og fjórðungur þeirra sem er í sambúð, þar sem karlinn er yngri en 22 ára en konan yngri en 19 ára, býr inni á foreldrum (Kristinn Karlsson 2001)
- Á meðan almenna velferðarkerfið býr mun ver að smábarnafjölskyldum á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum, veitir íslenska námslánakerfið þeim einstakan stuðning, með viðbótarláni fyrir hvert barn og jafnvel maka. Það er sem sé fjárhagslega erfitt fyrir ungt fólk í venjulegum störfum eða láglæðastörfum að eignast börn, en námsmenn fá lán fyrir viðbótarkostnaðinum. "Kerfið" á sem sé ríkan þátt í því að barnsfæðingum fækkar ört á meðal ungs fólks, en ekki meðal námsmanna. Ísland er sennilega einsdæmi að því leyti að þriðjungur þeirra sem taka námslán eiga barn/börn.

Á Íslandi er síður en í flestum nágrannalöndum hægt að tala um almennar forskriftir fyrir ungt fólk. Frekar er hægt að tala um tilteknar forskriftir meðal tiltekinna hópa, sem sumpart markast af efnahag og opinberri aðstoð og sumpart af ungdómsmenningu. Ef að líkum lætur, telur flest ungt fólk sig geta valið á milli margra valkosta varðandi fjölskyldu, og er það verðugt rannsóknarefni, jafnt til skilnings á íslenskum aðstæðum og sem framlag til alþjóðlegrar umræða að gera vandaðar rannsóknir þar sem hægt er að greina samspil vals og forskrifta um fjölskyldumyndun ungs fólks.

III.3 Atvinnuþátttaka og atvinnuleysi

Alla 20. öldina var atvinnuleysi nær óþekkt á Íslandi nema sem tímabundið ástand, ólíkt öðrum vestrænum ríkjum, sem öll glímdu við kerfisbundið langtímaatvinnuleysi a.m.k. einhvern tímann á öldinni. Kostir íslensks ungdóms á vinnumarkaði voru vissulega oft fábreyttir, en ungt fólk átti þó að minnsta kosti innkomu í atvinnulífið.

Misjafnri rásstöðu kynslóðanna hefur lítill gaumur verið gefinn á Ísland, en margar alþjóðlegar rannsóknir benda sterklega til þess að fyrsta reynsla af vinnumarkaði ráði miklu um lífshlaup fólks. Atvinnuleysi er að jafnaði herra alla starfsævi í þeim kynslóðum sem hafa komið út á vinnumarkað á atvinnuleysisstíma, og hver kynslóð ber merki þess hvaða tækifæri voru opnari en önnur þegar hún var að stíga út á vinnumarkaðinn. Sé litið til þess hvaða starfsgreinar voru í mestum vexti á hverjum tíma á Íslandi, má búast við að kynslóðin sem kom inn á vinnumarkaðinn á millistríðsárunum, hafi starfað meira að sjávarútvegi og iðnaði en aðrar kynslóðir, kynslóð eftirstríðsáranna hafi frekar tengst verslun og sérhæfðari iðnstörfum, þeir sem tóku þátt í fyrri hluta menntunarsprengjunnar hafi tekið ríkulegan þátt í vexti og akademíseringu opinberrar þjónustu, en sú kynslóð sem hefur komið inn á vinnumarkaðinn á síðustu 15 árum hafi í ríkari mæli en fyrri kynslóðir lagt fyrir sig viðskipti og þjónustu.

Að jafnaði má búast við því að ungdómur sé jafnan áberandi í nýjum starfsgreinum, þar sem ekki er krafist formlegrar starfsmenntunar, einkum í greinum sem hafa krafist mikils hreyfanleika. Ýmis gögn benda til þess að ung þorp hafi haft lágan meðalaldur; síldveiðar og önnur vertíðarsjómennska hafu dregið til sín hlutfallslega margt ungt fólk; í upphafi verksmiðjuíðnaðar í Reykjavík á millistríðsárunum virðist meðalaldur hafa verið lágur. Margar vísbendingar eru um að nýjar eða efldar starfsgreinar, sem telja má til hugvitsgreina, hafi á miklum þensluskeiðum orðið vettvangur próflausra ungmenna í ríkum mæli, að öllum líkindum mun meira en í nágrannalöndum. Má þar nefna blaðamennsku frá 8. áratugnum, auglýsingagerð, kvikmyndagerð og margs konar skapandi tölvustörf frá 9. áratugnum.

Ástæða væri til að skoða þetta mun frekar, enda til margs konar gögn um mannafla þjóðarinnar. Hvað varðar síðasta áratuginn, innihalda gögn Vinnumarkaðskannana Hagstofunnar bæði aldurs- og starfsgreinaskiptingu, þótt atvinnugreinaskipting sé að vísu afar gróf. Vegna þess hve úrtak er lítið er ekki um tölfræðilega marktækni að ræða við aldursskiptingu á atvinnugreinum, en þar sem þessum gögnum hefur verið safnað með nánast sömu aðferð í áratug, gefa tölur fyrir allt tímabilið sterkar vísbendingar. Tölurnar eru meðal annars vitnisburður um að í kringum 1990 hafi ýmsar leiðir, sem ungt fólk átti inn í atvinnulíf án beinnar starfsmenntunar, þrengst eða lokast. Þannig fækkar ungu fólki undir 25 í fiskvinnslu, en það hverfur að mestu úr

fiskveiðum og bankþjónustu. Á 10. áratugnum fjölga ungu fólki, ekki síst hinu ófaglærða, hins vegar verulega í verslun og þjónustu. Er hér verðugt verkefni frekari rannsókna, ekki bara á breytingu vinnumarkaðar sem slíkri, heldur einnig á því hvernig innkomumöguleikar nýrra kynslóða á vinnumarkað eiga þátt í að móta lífssýn þeirra.

Skýrari vísbendingar eru til um ýmis almenn einkenni á stöðu ungdóms á íslenskum vinnumarkaði. Þannig kemur staða ungdóms á jaðri vinnumarkaðar skýrt fram í því að á atvinnuleysisárunum 1992-1997 var vaxandi hlutfall ungdóms í ófaglærðum störfum og árstekjur ungdóms lækkuðu á meðan árstekjur eldri hópa stóðu í stað eða hækkuðu (Þjóðhagsstofnun), en eftir 1997 hefur straumur ungdóms legið til betur launaðra starfa og árstekjur hækkað meira en eldri hópa.

Ef tekið er tillit til mismunandi langrar skólagöngu og sveiflna í atvinnuástandi má álykta nokkuð um það hvernig vinnumarkaðurinn hefur tekið mis vel á móti mismunandi hópum. Þeir sem komu próflausir út á vinnumarkaðinn á fyrri hluta áratugarins urðu fyrir mesta ungdómsatvinnuleysi sem mælt hefur á Íslandi, og ferill margra þeirra byrjaði með falli. Þeir sem héldu áfram námi þá, komu hins vegar út á vinnumarkað á einhverju mesta þensluskeiði íslenska efnahagslífsins, fengu þar fylgd þeirra sem hurfu snemma frá námi á sama tíma, og því mætti ætla að þessir hópar hafi tilhneigingu til að líta svo á að vel launuð atvinna sé sjálfsögð. Ef til vill eiga þeir erfiðari innkomu í vændum, sem nú eru í námi.

Síðustu 15 ár hefur þróun atvinnuleysis meðal ungs fólks á Íslandi, séð í samanburði við þróun heildaratvinnuleysis, verið sem hér segir

Tafla III.1

Atvinnuleysi 15-24 ára samanborið við heildaratvinnuleysi 1986-2000 (bæta við 2001)

	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
15-19	11	44	56	202	235	201	548	639	531	570	424	362	234	165	134	165
20-24	90	45	80	292	294	251	711	1023	1134	1104	941	803	533	312	247	319
Í heild	700	516	847	2181	2350	1970	4332	6065	6435	6892	6235	5700	4350	2969	2167	2245
%15-24	25	18	16	22	23	23	29	28	26	24	22	20	18	16	13	22

Meðaltal skráðs fjölda atvinnuleysinga í lok mánaðanna febrúar, maí, ágúst og nóvember. Skýrslur Vinnuálastofnunar. Síðasta línan sýnir hlutfall atvinnulausra 15-24 ára af heildarfjölda atvinnulausra.

Sveiflur í atvinnuleysisstölum bera það með sér að þegar atvinnuleysi á Íslandi óx gífurlega milli árána 1991 og 1993, óx það mest á meðal ungs fólks. Þegar hægði á vexti atvinnuleysis 1993-95, hætti það að aukast meðal ungs fólks, með almennri rénun atvinnuleysis 1995-2000 minnkaði það fyrst og mest hjá ungu fólki, en jókst hins vegar mun meira en í öðrum aldurshópum með aukningu atvinnuleysis 2000-1. Þessar staðreyndir tala skýru máli um að ungt fólk verður frekar fyrir barðinu á atvinnuleysi af völdum hagsveiflna en hinir eldri, a.m.k. í hagkerfi eins og okkar sem m.a. markast af ýmiss konar öryggi þeirra sem þegar hafa komið sér fyrir á vinnumarkaði.

Þess ber að gæta að allar tölur sem varða atvinnuþátttöku ungs fólks innan við 25 ára aldur eru óöruggari en hvað varðar eldri hópa. Það veldur einkum vanda, að stór og vaxandi hópur virðist vera bæði á vinnumarkaði og í skóla eins og fram kemur ef tölur vinnumarkaðskönnunar og nemendaskrár Hagstofunnar eru skoðaðar saman. Samkvæmt þeim hefur það hlutfall aldurshópsins 16-24 ára, sem er í dagskóla, vaxið úr 50% 1990 í

57% 2000, en á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem er á vinnumarkaði vaxið úr 65% í nærfellt 80%. Um 35% ungmenna er þannig samkvæmt hagtölum bæði á vinnumarkaði og í dagskóla, en um 1990 nam þessi hópur einungis um 15%. Að einhverju leyti skýrist þetta með vaxandi vinnu með námi, en þó virðist sem viðhorf til náms og vinnu hafi breyst enn meira, þannig að vaxandi hluti ungs fólks líti á sig bæði sem námsmenn og verandi á vinnumarkaði. Enn fremur er þetta til marks um að umgangast verður hagtölur með varfærni, og gefa þessar tölur tilefni til að spyrja um það hvað það er sem mælist í vinnumarkaðskönnunum Hagstofunnar.

Tvítalning margra í námi og vinnu veldur margs konar vanda, til dæmis í samanburði við önnur lönd,¹ og leiðir til þess að hægt er að mæla atvinnuleysishlutfall ungs fólks með mismunandi hætti. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þróun atvinnuleysis meðal ungs fólks á Íslandi 1994-2001, skoðað með tvenns konar hætti. Annars vegar samkvæmt Vinnumarkaðskönnunum og hins vegar eru atvinnuleysissskráningar 16þ24 ára bornar saman við heildarfjölda þeirra sem ekki eru í skóla og hafa því rétt á að skrá sig atvinnulausa.

Tafla III.2

Umfang og hlutfall atvinnuleysis ungs fólks 1994, samkvæmt Vinnumarkaðskönnunum og skráðu atvinnuleysi.

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
1. Fjöldi á vinnumarkaði (VMK)	23.800	24.600	23.800	24.200	26.600	27.800	29.400	28.800
2. Fjöldi atvinnulausra (VMK)	2.700	2700	2.000	1.900	1.600	1.200	1.400	1.400
3. Hlutfall 2 af 1	11,5%	11,0%	8,4%	7,7%	6,0%	4,4%	4,7%	4,8%
4. 16-24 Ekki í dagskóla	17.900	17.500	17.300	17.100	17.100	17.200	16.700	15.600
5. Á atvinnuleysissskrá	1.665	1.675	1.368	1.170	966	477	381	484
6. Hlutfall 5 af 4	9,3%	9,6%	7,9%	6,8%	5,6%	2,8%	2,3%	3,1%

Þegar fjöldi atvinnulausra samkvæmt þessum mælingum er borinn saman, er munurinn áberandi mikill, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að hvað varðar þjóðina í heild (alla aldurshópa) er lítill munur á mælingum Vinnumarkaðskannana og atvinnuleysissskráningu. Þannig gilda augljóslega sérstök rök um ungt fólk hvað þetta varðar. Hugsanleg tilgáta er að ungt fólk skrái sig síður atvinnulaust, þar sem það á síður rétt á atvinnuleysisbótum, en á móti kemur að félagsmálayfirvöld hafa sett sé þá meginreglu að atvinnuleysissskráning sé forsenda félagsmálaaðstoðar, ef ekki er um að ræða örorku eða annað sem útilokar viðkomandi frá almennum vinnumarkaði. Þess vegna eru líkur á að munurinn stafi fremur af því að hluti 16-24 ára skólanema séu reiðubúnir að taka góðri vinnu ef hún býðst og séu jafnvel að leita að slíkri vinnu. Full ástæða er hins vegar til að kanna þetta atriði.

Það virðist alla vega nokkuð ljóst að tölur Vinnumarkaðskannana um fjölda 16-24 ára á vinnumarkaði endurspeglir engan veginn þann fjölda sem er í fullri vinnu eða að leita

¹ Það er reyndar lítið vit í að reyna samanburð milli landa, einvörðungu á grundvelli talna, þar sem atvinnuástand ungs fólks tengist mismunandi samhengi (Gestur Guðmundsson, 2001b) Til dæmis er afar mis stór hluti ungs fólks í skóla, mjög mis mikið er gert til að ná til allra þeirra ungmenna, sem ekki eru í skóla eða vinnu, með félagslegum úrræðum, mikill munur er á því hvort ungmenni vinni með foreldrum án þess að það komi fram í opinberum gögnum, og hve ungt fólk vinnur mikið á svörtum eða gráum markaði.

að slíkri, en hugsanlega eiga þær betur við ef sá hópur sem vinnur í hlutastarfi meðfram námi er talinn með.

Hlutfall atvinnuleysisskráninga miðað við þann hóp sem ekki er í dagsskóla má skoða sem 'opið' atvinnuleysi, miðað við skráningar stofnana, en líta má svo á að í tölum Vinnumarkaðskannana komi jafnframt fram 'dulið' atvinnuleysi ungs fólks sem hugsanlega er í skóla, við heimilisstörf eða heima hjá foreldrum og getur hugsað sér að vinna, en skráir sig ekki atvinnulaust.²

Samkvæmt atvinnuleysisskráningu var 'opið' atvinnuleysi ungs fólks hlutfallslega tvöfalt meira en meðal eldri kynslóða þegar atvinnuleysið var sem mest 1994-95, en með batnandi atvinnuástandi minnkaði það örar en í öðrum aldurshópum og varð nánast hið sama og meðal þjóðarinnar í heild 1999-2000, en með samdrættinum 2001 óx það örar en annarra hópa. Jafnframt benda þessar tölur til þess að atvinnuleysi ungs fólks, sem orsakaðist af hagsveiflum upp úr 1990, en síðan orðið kerfislægt að nokkru leyti, sennilega í fyrsta sinn í sögunni, þar sem það fór aldrei niður fyrir 2% mannafla á þessum aldri. Enn fremur benda Vinnumarkaðskannanir til þess að fyrir hendi sé töluvert 'dulið' atvinnuleysi ungs fólks sem er á eins konar gráu svæði milli skóla og vinnumarkaðar.

Umfang vinnu með námi á Íslandi verðskuldar meiri athygli en veitt hefur verið hingað til. Meira en helmingur námsmanna á Íslandi vinnur með námi, og meðal þeirra nemur meðal vinnustundafjöldi framhaldsskólanema um 13 tímum en nemenda á háskólastigi um 20 tímum. Svo virðist sem hlutfall þeirra sem vinna með námi hafi hækkað nokkuð á undanförunum 15 árum (Vinnumarkaður 1998, Guðríður Sigurðardóttir og Þorlákur Karlsson 1991), en margt er þó óljóst og til dæmis getur verið að margir sem vinna töluvert með námi á veturna, vinni ekki fulla vinnu á sumrin en stundi þá jafnframt eitthvert nám. Þó kemur fyllilega til álita að skipta aldurshópnum 16-24 ára í þrjá hópa með tilliti til atvinnuþátttöku og skólasóknar:

- þá sem eru einvörðungu í námi, auk sumarvinnu (um 25%)
- þá sem eru alfarið á vinnumarkaði (um 40%)
- þá sem eru á báðum vígstöðvum (um 35%)

Í síðasta hópnum blandast vinna og nám saman með mismunandi hætti. Sennilega er um helmingur hópsins í fullu námi og hlutavinnu, en aðrir taka námið hægar eða eru nánast bara í því að nafninu til. Þörf er á því að kanna mun nánar hvernig þessu er í raun háttað, hver afstaða ungdómsins sjálfs er til þessarar blöndu, sem og hvaða þýðingu hún hefur fyrir vegferð þeirra til fullorðinsaldurs, út frá ýmsum rannsóknarspurningum.

Alþjóðlega hefur orðið mikil umræða um það hvort vinna með námi hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á uppvöxt ungmenna. Margar mælingar sýna að ungdómur sem vinnur með námi neytir að jafnaði meira áfengis og fremur fleiri afbrot (Kouvonen 2001; Guðríður Sigurðardóttir 1991), en aðrir benda á að þetta séu fylgifiskar þess að þetta unga

² Til samanburðar má geta þess að hið svokallaða 'fjöldaatvinnuleysi' kreppuáranna fór aldrei yfir 10% mannafla, sé miðað við skráningu, en almennt er litið svo á að um mun meira dulið atvinnuleysi hafi verið að ræða og til dæmis hafi ungt fólk veigrað sér við að flytja úr sveitum, eins og fram kom í fjöldaflytningunum á mölina sem fylgdu í kjölfar stórbættis atvinnuástands frá og með 1940.

fólk fullorðnist á margan hátt fyrr en aðrir og því fylgi líka kostir, svo sem betra aðgengi að vinnumarkaði (Cockburn 2001).

Atvinnuþátttaka ungdóms á Íslandi hefur lengi verið mikil. Athygli vekur að hún er álíka mikil á Íslandi og í löndum, þar sem miklu minni hluti ungdóms er í námi á framhalds-og háskólastigi, löndum eins og Bretlandi, Grikklandi og Portúgal (Bynner & Chisholm 1996) um leið og Íslendingar standa nær öðrum Norðurlandabúum, Hollendingum og Þjóðverjum hvað varðar umfang skólagöngu. Skýringin felst í því að stór hluti ungs fólks vinnur með námi og/eða tekur sér hlé frá því. Ljóst er að atvinnuþátttaka ungs fólks er í vaxandi mæli á annars konar vinnustöðum en áður. Unglingar og ungt fólk vann áður gjarnan með eldra fólki, til dæmis í fiskvinnslu, almennri verkamannavinnu og við verslunarstörf, en nú vinnur vaxandi hluti ungdóms með jafnöldrum sínum, til dæmis á skyndibitastöðum, veitingahúsum og í stórmörkuðum.

Eitt meginverkefni til að móta skýrari ungdómsstefnu á Íslandi er að rannsaka atvinnuþátttöku ungdóms frá ýmsum sjónarhornum þannig að hægt sé að leggja á hana margþætt mat.

III.4. Þátttaka í félagslífi, menningarsköpun og æskulýðsstarf

Þegar gamla landbúnaðarsamfélagið með feðraveldi sínu tók að riðlast á síðari hluta 19. aldar, dró úr taumhaldi eldri kynslóðar á hinni yngri jafnframt því sem hlutverk nýrrar kynslóðar var ekki lengur að ganga í fótspor hinnar eldri. Því urðu nýir félagsmótunaraðilar að koma til skjalanna. Atvinnulíf og skólar voru ekki bara staðir þar sem menn unnu og tileinkuðu sér fræðslu, heldur líka uppeldisstöðvar, sem héldu fast utan um ungdóminn allt fram að síðari heimsstyrjöld. En launavinnu og þéttbýli fylgdu líka fríustundir, og frjáls félagasamtök tóku að sér að aðstoða fjölskyldur, skóla og vinnustaði að ala upp ungdóminn. Mikilvægustu ungdómsfélögin voru ungmennafélögin, sem voru allsráðandi í félagslífi sveita og höfðu víða umsvif í þéttbýli, kristilegu ungmennafélögin KFUM og KFUK, bindindishreyfingin, íþróttahreyfingin og verkálýðshreyfingin. Síðar komu til sögunnar félög iðnnema, Farfuglar og fleiri sérhæfð félög, og æskulýðssamtök stjórnmálaflokka urðu vettvangur alhliða félagsstarfsemi. Hvað sem mönnum þótti og þykir um pólitísk markmið kommúnista og nasista á fjórða áratugnum, blasir það við að þjóðfélagsleg áhrif þeirra fólust ekki síst í því uppeldisstarfi sem þessar hreyfingar sinntu meðal óróagjarnari hluta ungdómsins á tímum atvinnuleysis.

Ísland átti samleið með öðrum Norðurlöndum í því að frjáls félagasamtök bættu einhverjum mikilvægustu möskvunum við það net sem umlukti uppvaxandi kynslóðir á þessum tímum samfélagsbreytinga. Svipuð viðleitni var víða í gangi, til dæmis í Bretlandi og Bandaríkjunum, en þar voru afar stórir hópar utan við netið, og í kaþólskum löndum var ungdómsstarf að verulegu leyti á vegum kirkjunnar og náði engan veginn til hins nútímalegri hluta æskunnar.

Þetta breyttist eins og svo margt annað í síðari heimsstyrjöldinni, með almennri upplausn og ekki síst með auknum fjárráðum ungdómsins. Það þótti smartara að fara í bíó og á böll eða sitja á milksheikbar en að sækja fundi í stúkunni. Íþróttir nutu að vísu vaxandi vinsælda en þátttaka í flestu öðru skipulögðu félagsstarfi fór minnkandi, og uppeldisfrömuðir og fjölmiðlar veittu athygli ýmsu frávíksatferli sem þeir röktu til lausagöngu ungdómsins. Eitt helsta svarið við þessu var að skipuleggja æskulýðsstarf á vegum sveitarfélaga, frá og með lokum 6. áratugarins.

En straumurinn lá áfram frá skipulögðum æskulýðssamtökum. Ungdómurinn hafði meira frjálsræði, vegna fjárráða, aukinnar skólasóknar og minnkandi forræði hinna eldri á tímum betri atvinnutækifæri og vaxandi framboðs á afþreyingu og tækifærum til að koma saman. Ungdómsmenningin varð hverfipunkturinn í lífi vaxandi hluta ungdómsins; félagsstarf í skólum og víðar var áfram mikilvægt, en þýðing fjöldamenningar fór vaxandi, og frumkvæði var ekki í höndum kjörinna fulltrúa heldur þeirra sem gátu best beitt táknum fjöldamenningar í hversdagslegu lífi. Það fór á Íslandi eins og annars staðar að hvorki uppeldisaðilar né skemmtanaíðnaðurinn gátu komið böndum á hina vaxandi ungdómsmenningu, og sjálfstæði hennar fékk skýran samnefnara þegar rokkmenningin reið yfir upp úr 1956. Lengi eftir það eltu fyrrgreindir aðilar ungdómsmenninguna og reyndu að beina henni á siðsamar brautir fremur en að stjórna henni. Æskulýðsráð kom upp Tónabæ, svo að ungdómurinn gæti dansað og daðrað án þess að áfengi tæki völdin, en plötuútgefendur kröfðust þess að textar væru á íslensku og innan siðlegra marka.

Með bítlaæðinu breiddist ungdómsmenningin út í öll skot ungdómsheimsins, líka inn í menntaskóla. Það dró úr þeim stéttamun sem hafði einkennt ungdómslíf í skólum, félagasamtökum og frístundum. Á Íslandi gerðist svipuð sambræðsla og um allan heim, en tákn hennar voru þegar millistéttarstrákurinn Bob Dylan og kolanámuverkamaðurinn Eric Burdon gátu sameinast um að syngja House of the Rising Sun, eða þegar verkamannssonurinn Keith Richards og menntaskólakennarasonurinn Mick Jagger mynduðu eitt öflugasta par rokksögunnar.

Skólagangan lengdist, tengslin við ungdómsmenningu annarra landa efldust og vald eldri kynslóðar minnkaði á öllum vígstöðvum. Ungdómsmenningin varð sjálfstæðari og fóstaraði sínar eigin andstæður milli gleðipinna dansgólfsins og ungdómsuppreisnar götunnar, en ungt fólk sem vildi feta í fótspor feðranna og vera á uppleið var skver. Skorðurnar hurfu hver af annarri, og á 8. áratugnum horfðu uppeldisaðilar skelfdir á fjórðung ungdómsins fíkta við fíkniefni og allt að því tíunda hvert ungmenni ganga til liðs við marx-lenínista og aðra öfgahópa til vinstri.

Frávik í lífsstíl og skoðunum liðu hjá, ekki vegna neinna sérstakra uppeldisaðgerða, heldur sá nýr ungdómur minni ástæðu til uppreisnar þegar kom fram á 9. áratuginn. Gleðipinnarnir voru öruggari með sig og það þótti ekki lengur skver að vera á uppleið. Gengur ungdómur ekki út á það að njóta lífsins fremur en að vera með neikvæðni?

Á meðan ungdómsmenning framan af öldinni var undir ströngu taumhaldi, en sjálfstæð og óaðgengileg frá stríðslokum og fram til um 1980, hefur hún síðan einkennst af nábyli við fjöldamenningu og neyslu. Framleiðendur varnings og skemmtiefnis vita miklu meira um ungdómsmenninguna en þeir gerðu um áratuga skeið, en jafnframt er ungdómurinn mun meðvitaðri um þann varning sem umlykur hann.

Bæði uppeldisaðilum og þeim, sem lifa á því að selja ungdómnum, hefur lærst að þeir geta ekki náð aftur stjórn á ungdómsmenningunni, en þeir geta gengið í lið með henni og haft áhrif á hana - ásamt með fjölmörgum öðrum samfélagsstraumum sem finna sér farveg um næmasta hluta samfélagsins, ungdóminn. Dæmi um þetta er að forvarnarstarf gegn fíkniefnum hefur almennt sveigst frá hótunum og hræðsluáróðri. Forvarnaraðilar gera sér grein fyrir því að fíkniefnaneysla er háð flóknum samfélagslegum straumum, en að leiðin til áhrifa liggur í gegnum ungdómsmenninguna, ekki með því að stýra henni heldur leita leiða til að láta hana vinna með markmiðum

sínum. Félagasamtök í æskulýðsstarfi reyna hvert á fætur öðru að taka á þverrandi þátttöku með því að átta sig á straumum í ungdómsmenningu, og hið sama gildir í hinu sívaxandi æskulýðsstarfi á vegum sveitarfélaga.

Skipulagt starf sveitarfélaga að æskulýðsmálum hófst að marki á 6. áratugnum, ekki síðst vegna þess að uppeldisfrömuðir sáu að ungdómurinn lifði í vaxandi mælis utan seilingar hefðbundinna uppeldisaðila, þ.e. fjölskyldu, skóla, kirkju og félagasamtaka. Starfsemin markaðist frá upphafi af því að hún átti svo að segja að fylla upp í eyðurnar sem aðrir uppeldisaðilar skildu eftir sig og um leið að glíma við fjöldamenningu og ungdómsmenningu. Af þessu leiðir að þessi starfsemi hefur vaxið örur en flest önnur opinber afskipti af ungdómnum. Vegna ófullnægjandi hagtalna, einkum hvað varðar sveitastjórnarreikninga, eru engar öruggar upplýsingar til um umfang þessarar starfsemi fyrr en á síðustu árum, en frá því 1990 hafa opinber útgjöld til æskulýðs-, íþrótt- og útivistarmála numið allt að 10% af útgjöldum sveitarfélaga og 2-2,7% af öllum opinberum útgjöldum eða nálægt 1% af vergri landsframleiðslu, en það er meira en varið hefur verið til framhaldsskóla og margfalt meira en varið hefur verið til atvinnuaðgerða varðandi ungt fólk. Þúsundir manna starfa við málaflokkinn í fullu starfi, og enn fleiri starfa í hlutastarfi, sem sjálfbóðaliðar eða hvort tveggja í senn.

Í ljósi þess hve hið opinbera hefur mikil afskipti og útgjöld af æskulýðs-, íþrótt- og útivistarmálum, sætir það furðu hversu lítið hefur verið gert til að efla yfirsýn yfir og innsýn í þennan málaflokk, með stjórnsýsluúttektum og rannsóknum. Veigamikils hluta skýringarinnar má sennilega leita í því að þessi málaflokkur er að langmestu leyti á vegum sveitarfélaga og að á þeim vettvangi hefur lítil hefð verið fyrir veigamiklum úttektum og rannsóknum.

Margt bendir til þess að aðskilnaður æskulýðs-, íþrótt- og útivistarmála frá öðrum þáttum stjórnsýslu fari minnkandi. Í HÍ og KHÍ hefur verið efnt til náms fyrir starfsmenn í frítímaþjónustu, og unnið er að mótun starfsnámsbrautar á þessu sviði í framhaldsskólakerfinu. Í október 2002 skipaði menntamálaráðherra starfshóp, sem meðal annars er ætlað að gera tillögur um það hvernig meta megi frístundastarf í framhaldsskólanámi. Hvort tveggja er þetta í samræmi við eitt megináhersluatriði Hvítbókar Evrópusambandsins frá 2001 (en undirritaður var sérfræðilegur ráðunautur við gerð hennar) um að vinna að því að skólakerfið viðurkenni í auknum mæli óformlegt nám í margs kyns frístundastarfi.

Mun skipulegri rannsóknir og upplýsingar liggja fyrir á sviðum menntunar, fjölskyldu og atvinnulífs en á sviðum ungdómsmenningar og æskulýðsstarfsemi hins opinbera, og til þess að hægt sé að móta heildstæða ungdómsstefnu er þörf á stórfelldu rannsóknáttaki.

III.5. Ungdómspólitík

Ef við skilgreinum ungdómspólitík sem þær opinberu aðgerðir sem hafa veruleg, bein áhrif á uppvaxtarskilyrði ungdómsins, er hún sundruð í a.m.k. eftirfarandi þætti:

- Menntastefna, sem hefur tilhneigingu til að skoða menntun ungdóms þröngt í tengslum við hæfniskröfur atvinnulífs og almennar hugmyndir um "kröfur samfélagsins", en án nægjanlegra tengsla við ólíkar forsendur ungdóms, aðra þætti ungdómslífsins og uppeldishlutverks framhaldsskólans.

- Vinnumarkaðsstefna. Á vettvangi aðila vinnumarkaðarins eru hagsmunir fullorðinna á vinnumarkaði í fyrirrúmi og aðgerðir í málefnum ungdóms skoðast sem sértækar aðgerðir, en ekki sem mótun vinnumarkaðar framtíðar. Þetta á til dæmis við um starfsnám í atvinnulífi og aðgerðir gegn atvinnuleysi.
- Æskulýðsstarf ríkisins. Það snýr að verulegu leyti að samtökum ungs fólks, sem eiga það sammerkt að æ minni hluti ungdóms tekur þátt í því. Helsta átaksvorkefni þessa starfs snýr að vímuevörnum, og á það sammerkt með aðgerðum á sviði afbrotamála að taka útgangspunkt í ungdómi sem vandamáli en ekki sem auðlind framtíðar.
- Félagsþjónustan hefur haft vaxandi afskipti af ungu fólki og í stærri sveitarfélögum eru sérstakar aðgerðir og jafnvel sérstakir starfshópar á þessu sviði, en vinna vitaskuld innan þröngra ramma félagsmála.
- Æskulýðsstarf sveitarfélaga rúmar ein viðamestu opinberu afskiptin af ungdómsskeiðinu, en stefnumörkun hefur farið fram án opinna umræðu og rannsóknna.

Þessi upptalning er ekki tæmandi og hún tekur m.a. ekki til mikilvægra óbeinna áhrifa sem afmarkaðar stjórnvaldsaðgerðir hafa á öðrum sviðum. Í þessari stuttu einkunnagjöf er áherslan lögð á takmarkanir núverandi aðgerða, og hana ber engan veginn að skoða sem lítilsvirðingu á því starfi sem unnið er á þessum mismunandi vettvöngum heldur sem ábendingu um það hvernig ungdómspólitík er sundurtætt og lögð undir markmið mismunandi málaflokka. Í samræmi við þau vinnubrögð sem víða tíðkast í stjórnsýslu, sem og þróun mála annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu, er þörf á samræmingu aðgerða, til dæmis þannig að einu ráðuneyti verði falin yfirumsjón ríkisafskipta af æskulýðsmálum á öllum sviðum. Ýmiss konar viðleitni til samráðs er lofsverð en hrekkur allt of skammt.

IV. Á brattann að sækja. Nokkur sjónarhorn á "brottfallshóp".

Að mörgu er að hyggja varðandi ungdómspólitík á Íslandi, en sérstök áhersla hlýtur að vera lögð á þann ca. þriðjung hvers árgangs sem fer út í lífið án haldbærrar framhaldsskólamenntunar, ekki síst af því að meirihluti þessa hóps reynir við framhaldsskólann en hverfur þaðan án nokkurs árangurs.

IV.1 Próflok og brottfall – þróun síðustu áratuga

Örar breytingar og miklir vaxtarkippir einkenndu íslenskt þjóðlíf mest alla 20. öldina, og samfélagið var á margan hátt opið í þeim skilningi að einstaklingar gátu brotist langt án þess að hafa menntun eða efnaða foreldra að bakhjarli. Það var því lengst af ekki stórt vandamál einstaklinga eða samfélags, að meginhluti uppvaxandi kynslóða fór út á vinnumarkað án sérstakra starfsréttinda, menn höfðu margs konar tækifæri til að læra á staðnum og sanna sig.

Menntasprengjurnar, sem urðu í kjölfar síðari heimsstyrjaldar og aftur aldarfjórðungi síðar, voru að vissu leyti til marks um auknar kröfur vinnumarkaðar um formlega menntun, en jafnvel enn frekar um að bætt fjárráð almennings fóru saman við menntunarvilja. Það er hins vegar vert að veita þeirri staðreynd athygli, að síðan um 1960 hefur menntunarsprengjan einungis að litlu leyti orðið til þess að fjölga útskriftum með tilteknum starfsréttindum, hvort sem um er að ræða sveinspróf eða önnur próflok á framhaldsskólastigi, úr sérskóla eða á háskólastigi. Eðlilegt er að skipta þeim sem fara út á vinnumarkað án tiltekinna starfsréttinda í þrjá hópa.

- Í fyrsta hópnum eru þeir sem aldrei hefja nám í framhaldsskóla en þessi hópur minnkaði verulega með vexti fjölbrautakerfisins og opnun framhaldsskólans frá því á 8. áratugnum og fram á þann 10 og hefur numið u.þ.b. 7% árgangs síðustu ár.
- Í öðrum hópnum eru þeir sem fara út á vinnumarkað með stúdentspróf að veganesti.
- Í þriðja hópnum eru þeir sem hefja nám í framhaldsskóla án þess að ljúka því. Tiltæk gögn benda til þess að tveir síðarnefndu hóparnir hafi numið svipuðu hlutfalli af hverjum árgangi sl. áratug eða 20-25% hvor.

Oft þegar talað er um brottfall er miðað við síðastnefnda hópinn, en hér verður miðað við alla þá sem hverfa úr skólakerfinu án viðurkenndra námsloka á framhaldsskólastigi. Þótt full ástæða sé til að skoða nánar hvernig þeim, sem einungis hafa stúdentspróf, vegnar á vinnumarkaði, er ljóst að þeim er mun síður hætt við atvinnuleysi en þeim sem engu framhaldsskólanámi hafa lokið (Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands). Á hinn bóginn er ekki vitað hvort þeim sem lokið hafa einhverju framhaldsskólanámi, án próflok, vegnar öðru vísi en þeim sem ekki hefja framhaldsskólanám og því full ástæða til að skoða báða þessa hópa.

En hvernig á að afmarka þann hóp sem hverfur úr skólakerfi án framhaldsskólaprófs, og hversu margir eru þeir? Hagstofan býður hér einkum upp á tvenns konar gögn: Annars vegar spyrja vinnumarkaðskannanir um menntun og hins vegar hafa próflok úr framhaldsskólum og háskóla verið skráð hjá Nemendaskrá síðustu

ár. Rétt er að taka tillit til beggja, því að prófaskrá er hlutlægari en sjálfsskráning slembiúrtaks, en á móti kemur að prófaskrá er enn ung, og að hún tekur ekki til náms erlendis né til einkaskóla.

Ef skoða á þróun til lengri tíma, eru fyrirbyggjandi tölur um fjölda stúdentsprófa og sveinsprófa alla 20. öldina. Að vísu ber þess að geta að hvorki reglur né skýrslugerð um sveinspróf hafa verið með jafn einföldum hætti og um stúdentspróf, þannig að þar getur ýmislegt orkað tvímælis, en þróunin er sem hér segir:.

Tafla IV. 1

Fjöldi sveinsprófa og stúdentsprófa 1980-99 og hlutföll af árgangi

	1980-84	1985-89	1990-94	1995-99
Meðalfjöldi stúdentsprófa	1367	1657	1934	2080
Meðalfjöldi sveinsprófa	753	658	588	688
Hlutfall stúdenta af árg.	32,1	38,7	45,9	50,3
Hlutfall sveina af árg.	17,7	15,4	13,9	16,3
Stúdents- og sveinspróf	49,8	54,1	59,8	66,3

Þessar tölur virðast benda til þess að stöðug aukning hafi verið í próflokum á framhaldsskólastigi; fjöldi sveinsprófa hafi sveiflast til en fjöldi stúdentsprófa vaxið ört, þótt hægt hafi á síðustu árin. Allt önnur mynd blasir við ef borin eru saman hlutföll námsloka við ákveðinn aldur milli þeirra tveggja árganga sem slíkar upplýsingar eru til um, og er þar átt við 1969-árganginn og 1974-árganginn. Í nýbirtum tölum um 1974 árganginn kemur fram að í desember 1999, þegar hann var 24 ára, höfðu 43% árgangsins lokið framhaldsskólaprófi.

Tafla IV. 2

Námslok úr framhaldsskóla skv. prófaskrá Nemendaskrá

(heimild: Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal 2001)

	Piltar	Stúlkur	Alls
Stúdentspróf	37	55	46
Starfsnám á framhaldsskólastigi	15	7	11
Engin námslok úr framhaldsskóla	48	38	43
Alls	100	100	100

Athyglisvert er að hlutfall þeirra sem lokið hafa framhaldsskólanámi er nánast það sama og rannsóknir Gerðar Óskarsdóttur höfðu sýnt hvað varðar 1969-árganginn þegar hann

var 24 ára að aldri.³ Hvað veldur þessum reginmun á milli annars vegar stöðugs vaxtar heildarfjölda stúdentsprófa og sveinsprófa og hins vegar að nánast enginn munur greinist á próflokum tveggja árganga með fimm ára millibili?

Meginskýringin á þessum mun er sú, að meðalaldur þeirra sem ljúka stúdentsprófi og sveinsprófi hefur hækkað verulega á seinni árum, þannig að sú aukning sem verður á heildarfjölda stúdentsprófa og sveinsprófa á milli árganga kemur ekki fram fyrr en eftir 25 ára aldur.⁴ Að fleiru er að gæta, áður en ályktað er um þróun próflokka og brottfalls eftir árgöngum. Í fyrsta lagi ber að taka tillit til annarra próflokka á framhaldsskólastigi en sveinsprófs og stúdentsprófs. Vitað er að á síðustu árum nemur sá hópur um 5% árgangs, en ekki eru á reiðum höndum tölur um stærð hans í upphafi tímabilsins. Þó mun líklegast að hann hafi verið stærri, einkum vegna þess hóps sem lauk prófum úr ýmsum sérskólum, til dæmis Fósturskóla, (í tölum frá því um 1980 kemur hann hvergi fram, en hins vegar í tölum frá því eftir 1990, þar sem stúdentspróf er orðið að skilyrði). Í öðru lagi má telja fullvíst að aukning hafi orðið á því að menn ljúki fleiru en einu brottfararprófi úr framhaldsskóla, þar á meðal bæði stúdentsprófi og sveinsprófi og verður vikið nánar að því hér að neðan. Í þriðja lagi er líklegt að sérstakar aðstæður hafi átt þátt í því að sveinsprófum fjölgaði að nýju í lok 10. áratugarins eftir að þeim hafi fækkað jafnt og þétt, en þar er átt við að fyrirhugaðar breytingar á prófkröfum hvöttu marga, sem vantaði bara herslumun til að ljúka sveinsprófi, til að ganga formlega frá réttindum sínum.

Sé í fyrsta lagi tekið tillit til þessara þátta og í öðru lagi gert ráð fyrir því að hlutfall þeirra sem lýkur stúdentsprófi eða sveinsprófi, án þess að hafa lokið öðru framhaldsskólaprófi áður, hafi hækkað verulega frá því um 1980, hefur hlutfall útskrifta hækkað mun minna en tafla 1 gefur til kynna en meira en tafla 2 gefur til kynna. **Með töluverðri ónákvæmni má áætla að hlutfall útskrifta úr framhaldsskóla, miðað við fjölda tvítugra, hafi aukist úr 55% í 65% milli áranna 1980 og 2000.**

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til þess að sú mikla aukning sem varð í framhaldsskólasókn íslenskra ungmenna á níunda áratugnum (úr 65% í 85%) hafi einungis að minni hluta til skilað sér í námslokum, en síðan hafi aukning skólasóknar og útskrifta staðið nokkurn veginn í stað, þannig að sá hópur sem hefur framhaldsskólanám án þess að ljúka því hafi allan 10. áratuginn numið 20-25% árgangs.

En hver er þá "brottfallshópurinn"? Meiri hluti árgangs hefur ekki lokið námi 21 árs og/eða horfið úr skóla a.m.k. tvær annir á þeim tíma. Rúmlega 40% hvers árgangs hefur ekki lokið námi 24 ára, og tölur Hagstofu benda til að 30-35% hvers árgangs ljúki aldrei framhaldsskólanámi. Um það bil 7% árgangs byrjar aldrei í framhaldsskóla og 4% til viðbótar taka ekki eitt einasta próf þar. Allar þessar viðmiðanir er hægt að nota, eftir

³ Gerður Óskarsdóttir 1995: bls. 194. Athuga ber að ekki er um sömu aðferð að ræða, þar sem Hagstofufugögn voru ekki til um 1969árganginn, heldur var um úrtakskönnun með 75% svörun að ræða. Hægt er að leiða líkur að því að sambærilegar aðferðir hefðu sýnt fram á aukningu á hlutfalli próflokka.

⁴ Einungis um helmingur stúdenta lýkur prófinu 20 ára eða yngri, og um tíundi hluti þeirra eftir að þeir hafa náð 24 ára aldri. Ekki hafa verið birtar upplýsingar um aldur iðnsveina, en þó hefur komið fram að meðalaldur við sveinspróf sé að nalgast þrítugsaldurinn, og sé tekið mið af árganginum 1975 nemur fjöldi þeirra sem lokið hefur sveinsprófi 24 ára einungis 5% árgangs. Telja má nokkuð víst að hluti þeirra sem ljúka stúdentsprófi eða sveinsprófi, tilheyri eldri árgöngum, enda bendir til dæmis könnun Jóns Torfa til þess að tæplega 50% árgangs ljúki stúdentsprófi, og bæði sú könnun, eldri námsferilskönnun og tölur um hækkanði meðalaldur við sveinspróf til þess að um þrítugsaldur hafi einungis um 10% árgangs lokið sveinsprófi.

Því hvað er skoðað og að hvaða hópi augum er beint. Meginviðmiðunin hér verður miðhópurinn, þeir sem ekki hafa lokið námi 24 ára, og litið er á það sem brottfall hvort sem fólk hættir í grunnskóla, eftir grunnskólapróf eða í framhaldsskóla. Það er ekki síst áhugavert að skoða hvernig þessum 40% árgangs reiðir mismunandi af. Til dæmis hvaða þættir eru að verki hjá þeim hluta sem lýkur framhaldsskólanámi 25 ára og eldri og hvort hluti þessa stóra hóps finnur sér þroskavænlega farvegi í lífinu fram hjá skólakerfinu.

IV.2 Brottfall á Íslandi í alþjóðlegum samanburði

Ekki er hægt at gera einfaldan samanburð við önnur lönd hvað varðar námslok í framhaldsskóla og brottfall. Skólakerfin, námslok og samspil opinbera skólakerfisins við einkaskóla og við atvinnulífið eru mjög ólík, og þótt undarlegt megi virðast hefur takmörkuð fjölþjóðasamvinna verið lögð í að gera tölfræði og rannsóknir samanburðarhæf (sjá European Commission 2001, þar sem m.a. er vísað til skýrslna frá Eurostat og IARD þar sem birtar eru upplýsingar frá einstökum löndum sem aðeins að litlu leyti er hægt að bera saman).

Það gæti virst einfalt verk að afla upplýsinga um námslok á framhaldsskólastigi og háskólastigi og til dæmis að bera slíkar upplýsingar saman við ákveðinn aldur. Við nánari athugun kemur þó í ljós að afar margt orkar tvímælis og að mismunandi nálganir skila mjög ólíkum niðurstöðum. Þótt leitaðar séu uppi sambærilegustu nálganir sem finna má í þeim löndum, sem bera á saman, koma upp ótal vandamál við túlkun þeirra, vandamál sem einkum tengjast mismunandi sveigjanlegu skipulagi framhaldsskólans, mismunandi tengslum skóla og atvinnulífs, sem og mismunandi aðgreiningu framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu:

- Mikill munur er á sveigjanleika framhaldsskólakerfisins, einkum möguleikum nemenda til að fara sér hægt, til að taka sér hlé frá námi og til að skipta um námsbrautir.
- Eftirspurn eftir ungu fólki á vinnumarkaði er mjög mismunandi, ekki bara eftir löndum heldur líka til dæmis eftir héraðum. Í sumum greinum er ekki boðið upp á starfsmenntun á framhaldsskólastigi heldur einungis þjálfun í atvinnulífi, sem getur verið jafngild (til dæmis sjómennska). Þar sem atvinnuástand er bág, er á hinn bóginn tilhneiging til að "geyma" unga fólkið í framhaldsskólum, stundum á námsbrautum sem veita formleg námslok en veita í raun enga haldbæra menntun.
- Sums staðar (til dæmis á Íslandi) eru mörk framhaldsskólakerfisins afar teygjanleg 'upp á við', en annars staðar (t.d. víðast á Norðurlöndum) er nám fólks á þrítugsaldri og eldra mun frekar aðgreint sem fullorðinsfræðsla. Þessa sér stað bæði í starfi skólanna og í tölfræðilegum upplýsingum.

Vegna þessara fyrirvara er ekki hægt að birta töflur með 'nákvæmum' tölum um lok úr framhaldsskólum með samanburði milli Íslands og nágrannalanda, og reyndar villandi að reyna slíkan samanburð eins og ástandi gagna er háttáð.⁵ Haldbetri niðurstöður fást með

⁵ Gerðar Óskarsdóttir (1995: 58-92) hefur reynt að skoða brottfall á Íslandi í ljósi slíks samanburðar, en þar sem hún ber saman niðurstöður athugana sem eru gerðar með mismunandi nálgun, auk þess sem þær mæla stærðir sem hafa mjög mismunandi merkingu í mismunandi samhengi, verður lítið hald í samanburðinum.

Því að draga saman fjölþættar upplýsingar, og skil skólanna verður að skoða í samhengi við atvinnulífið, þannig að spurt sé hvort atvinnulífið viðurkenni menntun framhaldsskólanna og hvort það sinni að einhverju leyti því hlutverki að veita haldbæra menntun. Niðurstöðurnar má draga saman í tvö ólík líkön, sem gilda í nágrannalöndunum um framhaldsmenntun og hlutverk atvinnulífsins:

- Norðurevrópska líkanið, sem einkennir Noreg, Svíþjóð, Finnland, Danmörku, Þýskaland, Holland og Austurríki. Í öllum þessum löndum ljúka yfir 70% og allt að 85% uppvaxandi árganga framhaldsskólanámi, auk þess sem víðtæk fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífi fylgir slíkri grunnmenntun eftir og kemur til móts við stóran hluta þeirra sem ekki hafa hlotið þessa grunnmenntun.
- Suðurevrópska og breska líkanið, sem meðal annars einkennir Portúgal, Spán og Grikkland, auk Bretlands. Í þessum löndum hlýtur minna en helmingur uppvaxandi árganga framhaldsskólamenntun og þeir sem ekki fá hana, hafa takmarkaða möguleika á að bæta sér það upp með fullorðinsfræðslu og starfsmenntun.

Mörg lönd eru stödd á milli þessara líkana, þar sem 50-70% ljúka framhaldsskólanámi til dæmis í Frakklandi, Belgíu og á Ítalíu, en rétt er að telja þau frekar til suðurevrópska líkansins, einkum vegna takmarkaðra möguleika á að bæta sér upp menntunarskortinn síðar í lífinu.⁶

Ísland er greinilega statt á milli þessara líkana, þó nær því norðurevrópska. Hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskóla er þó ekki nema um 65%, jafnvel þótt miðað sé við allt að 30 ára aldur, og auk þess kemur fullorðinsfræðsla og starfsmenntun í atvinnulífinu miklu minna til móts við 'brottfallshópin' en í löndum norðurevrópska líkansins. Það sem á móti kemur á Íslandi er tiltölulega opið atvinnulíf, sem veitir mörgum próflausum tækifæri til að menntast í starfi.

Slíkur samanburður er gagnlegur, til þess að varpa ljósi á styrkleika, veikleika og sérkenni íslenska samfélagsins. Sé markmið þjóðfélagsins hið sama og Oddaverja forðum 'að koma öllum til nokkurs þroska' hlýtur leiðin að vera sú að nýta styrkleikana og vinna gegn veikleikunum. Það merkir að verulega þarf að hækka hlutfall þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi og auka að sama skapi fullorðinsfræðslu og starfsmenntun, bæði sem framhald og sem tilboð hinna sem ekki hafa lokið slíku námi. Í þeirri viðleitni ber að nýta styrkleika íslenska samfélagsins. Þetta fellur saman í þann farveg að leggja megináherslu á menntunaraukningu sem gerist að verulegu leyti úti í atvinnulífinu.

Í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur oftast saman við, en þar er átt við Norðurlönd, þýskumælandi lönd og Holland, er "brottfallshópurinn" mun minni, og yfirleitt talað um að um 80% hvers árgangs hafi haldbæra framhaldskólamenntun, að hluta til undir merkjum fullorðinsfræðslu (Drop out i nordiske skoler, 2002). Er Ísland

Gerður gætir hófs og vandvirkni í niðurstöðum, enda gefa gögnin ekki tilefni til mjög eindreginna niðurstaða heldur fremur til þess að að kveikja spurningar og hverja til betri samanburðarrannsókna.

⁶ Rétt er að telja Bandaríkin til þessa hóps, þar sem High School próf getur ekki talist jafngildi norðurevrópsks framhaldsskólaprófs, enda tala Bandaríkjamenn gjarnan sjálfir um tvær þjóðir í landinu, þá sem hafa farið í college og hina (sem fæstir njóta fullorðinsfræðslu eða starfsmenntunar á framhaldsskólastigi síðar á ævinni).

eftirbátur þessara landa, þar sem brottfall á Íslandi er allt af tvöfalt meira en í þessum löndum, séu sömu mælikvarðar notaðir?

IV.3 Er brottfall vandamál?

Það er villandi að gera einfaldan tölulegan samanburð á milli landa án þess að taka tillit til mismunandi samhengis talnanna. Hægt er að halda því fram að hærra brottfall á Íslandi sé í rökréttu framhaldi af þeim opna vinnumarkaði sem einkennt hefur landið fram á okkar dag og að hluti "brottfallshópsins" finni sér nú sem fyrr ágæt störf án framhaldsskólamenntunar, og nægir að benda á sjómennsku og mörg störf við tölvur og þjónustu.⁷

Könnun Jóns Torfa og Kristjönu Stellu bendir til þess að hluti brottfallshóps telji það engan ósigur að hafa ekki lokið framhaldsskóla. Um 40% þeirra, sem hætta, segja að það hafi skipti miklu um ákvörðunina, að þeim hafi boðist gott starf og rúmlega helmingur þeirra sem hætta telja það hafa verið rétta ákvörðun. Álíka stórir hópar eru neikvæðari í garð lífsaðstöðu sinnar og telja sig hafa tekið ranga ákvörðun og segja að námsleiði hafi skipt miklu um að þeir hættu námi. Hér verður það talið líklegra en hitt að menn reyni að bera höfuðið hátt og séu tregir til að segjast hafa tekið ranga ákvörðun.

Sterkar vísbendingar eru því um að að minnsta kosti fimmti hver uppvoxandi einstaklingur hafi hætt námi og sé ósáttur við það.

Það er almunna að atvinnuleysi og félagsleg vandamál herja í mun ríkari mæli á þá sem fara án menntunar út á vinnumarkaðinn. Í atvinnuleysi 10. áratugarins var það mun meira meðal þeirra sem einungis hafa grunnmenntun en hinna sem hafa framhaldsmenntun eða meira. Athygli vekur að framan af atvinnuleysisinu og á hápunkti þess var atvinnuleysi tvöfalt meira meðal þeirra sem hafa grunnmenntunina eina en meðal annarra hópa, en síðan atvinnuleysið minnkaði verulega frá og með 1998 hefur það verið þrefalt til fjórfalt meira en meðal þeirra sem lokið hafa framhaldsskólamenntun eða hliðstæðri starfsmenntun (Vinnumarkaðskannanir Hagstofu Íslands).

Þeir sem einungis hafa grunnmenntun, eru einnig líklegri til að verða öryrkjar og hverfa snemma af vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka þeirra er einnig töluvert lægri (Vinnumarkaðskannanir).

"Brottfall" er því tvöfalt samfélagsvandamál. Það rýrir lífsgæði þeirra sem fyrir því verða, og það verður til þess að framlag þeirra til þjóðarbúsins verður minna en annarra hópa, mælt í framlagi til þjóðartekna, auk þess sem þeir kosta samfélagið meira vegna ýmissa félagslegra vandamála.

Flestum þjóðfélagsrannsakendum á Vesturlöndum ber saman um að stéttaskipting hafi breyst, þannig að meginþorri þegnanna teljist til millistéttar eða velstæðrar verkalýðsstéttar, en þar að auki sé bæði um að ræða velefnaða hástétt og lágstétt. Til lágstéttarinnar telst fólk sem hefur of litla menntun og of litlar tekjur til að njóta vaxandi ríkidæmis samfélagsins. Tekjubilið á milli hennar og annarra þjóðfélagshópa fer vaxandi, og menntunarleysið verður henni í æ ríkari mæli að fótaskorti í samfélagi sem byggir í síauknum mæli á upplýsingum, menningarlegu innsæi og ýmsum færniþáttum sem krefjast menntunar. Rannsóknir á "brottfallshópnum" eru því einhverjar mikilvægustu félagsvísindarannsóknir samtímans, hvort sem gengið er út frá jafnréttissjónarmiðum,

⁷ Stungið hefur verið upp á að kalla þá sem geta haslað sér völl í viðunandi störfum á vinnumarkaði, án þess að hafa lokið framhaldsskólaprófi, fremur 'drop in' en 'drop out'.

vilja til að fyrirbyggja félagsleg vandamál, langtíma fjárfestingum í mannauði eða mannúðarsjónarmiðum.

Alþjóðlega hafa rannsóknir á "lágstétt" og "brottfallshópi" einkennst um of af því að þessir hópar eru skoðaðir í ljósi þeirra sem betur vegnar, þ.e. sem "taparar" eða "fórnarlömb". Slíkar rannsóknir geta leitt margt í ljós um það hvernig ýmsir hópar búa við lakari kjör en þegnarnir almennt. Rík þörf er hins vegar að nálgast einstaklinga í þessum hópum sem aðila sem á margan hátt eru virkir í samskiptum sínum við stofnanir, formgerðir og einstaklinga, ekki síst til að leiða í ljós hvaða þættir eru að verki þegar einstaklingar rjúfa vítahring félagslegs arfs og áfalla í skóla og atvinnulífi.

Ekki hefur enn verið fundið upp það skólakerfi sem ekki virkar eins og skilvinda er skilur þá sem geta meira frá þeim sem geta minna. Hvernig bregst fólk við þeirri reynslu að "geta minna"? Hvernig reiðir einstaklingum í brottfallshópnum af þegar þeir hafa gefist upp á skólanum? Einkum og sér í lagi: úr hvaða þráðum er ofinn ferill þeirra sem ná að klára sig af, snúa kannski aftur á skólabekk og í annað sinn að námi sem er fremur að hæfi þeirra, eða finna sér atvinnu sem verður grundvöllur lífsfyllingar, eða finna lífsfyllingu á annan hátt?

Á Íslandi eru slíkar rannsóknir skemmra á veg komnar en í nágrannalöndum. Gerður Óskarsdóttir og Jón Torfi Jónasson hafa, ásamt samstarfsmönnum eins og Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur og Kristjönu Stellu Blöndal, unnið upp mikilsverðar upplýsingar um umfang brottfalls og ýmis viðhorf innan brottfallshópsins. Jafnframt eru til margs konar rannsóknir sem snerta þennan hóp, til dæmis hvað varðar unga atvinnuleysingja (sjá t.d. Guðbjörg Lindu Udengaard 1998). Undirritaður hefur þó lengi talið að þörf væri á rannsóknum sem:

- skoða bæði hlutlægar staðreyndir brottfalls og huglæga upplifun þess, eða í víðari samhengi: hlutlæga skilvindu samfélagsins og þá merkingu sem er hluti af gangvirki hennar
- leita svara við því hvernig breyta megi þessu gangvirki, bæði út frá skilningi á eðli þess og út frá reynslu einstaklinga og hópa sem hafa unnið sigra á því
- nýta sér alþjóðlega reynslu æskulýðsrannsókna en taka um leið tillit til sérstöðu Ísland.

Slíkar rannsóknaráherslur eru lykillinn að því að æskulýðsrannsóknir taki á því sem er meginvandamál æskulýðs á Íslandi og eitt helsta samfélagsvandamálið: að íslenskt samfélag hefur enn ekki reynst fært um að koma öllum til þess þroska sem þarf til að þeir njóti eðlilegrar lífshamingju og skili samfélaginu því sem þeir hafa efni til.

Þessi markmið hafa verið leiðarljós rannsóknarverkefnins, sem hér er greint frá og verður vonandi upphaf annars meira. Það sem reið baggamuninn að koma þessu rannsóknarverkefni af stað, var að skýrsluhöfundur var beðinn um að gera mat á starfsnámi Hins hússins í Reykjavík árið 1997. Með því starfi komst hann í tæri við lífssögur og annað efni, sem varpaði birtu á þessar almennu spurningar, og rannsóknaráætlun mótaðist í framhaldi af því. Áður en rannsóknin hófst, tók höfundur einnig að sér að gera mat á Lýðskólanum, og voru þessi verkefni samþætt rannsóknaráætluninni.

IV.4 Hitt húsið og Lýðskóli

Starfsnám Hins hússins - athyglisverð tilraun til að taka á vanda brottfallshópsins

Hitt húsið tók til starfa 1991 sem vettvangur fyrir margs konar æskulýðs- og tómstundarstarf í Reykjavík, og þar varð athvarf fyrir námskeiðahald og starfsþjálfun atvinnulausra ungmenna. Fyrstu árin leituðu starfsmenn fyrir sér í námskeiðahaldi, með fjölmönnum átaksverkefnum, á sviði íþróttastarfs, skógræktar, menningarmála o.fl. sem einkum fóru fram á sumrin, og með fámennari veturliðaverkefnum, þar sem námskeiðahald var tengt ýmiss konar starfsþjálfun. 1995 hafði þessi starfsemi fundið sér all stöðugan farveg og árið eftir var henni gefið nafnið Starfsnám Hins hússins.

Atvinnuástand meðal ungs fólks tók að batna verulega 1998, og er það meginskýringin á því að starfsnámið var lagt niður eftir að það missti styrki úr Atvinnuleysistryggingarsjóði í kjölfar reglugerðarbreytingar. Svo virðist sem ráðamenn borgar, félagsmála og menntamála hafi allir sem einn sofið þar á verðinum og talið að starfsnámið mætti missa sín í bættu árferði, en horft fram hjá því að starfsnámið var í reynd ekki fyrst og fremst atvinnuleysisúrræði heldur nauðsynleg viðbót við það félagsþ og menntunarúrræði sem snúa að ungu fólki.

Um 300 manns fóru í gegnum starfsnámið frá því í október 1995 og fram á 1999, og hér verður starfsemin og þátttakendur í henni skoðuð út frá upplýsingum um 135 einstaklinga sem sóttu starfsnámið á tímabilinu október 1995 og fram til júní 1997, en um þessa einstaklinga tókst að afla áreiðanlegra upplýsinga úr ýmsum gögnum Hins hússins og með viðbótarupplýsingum og samanburði frá Vinnumiðlun Reykjavíkur og Nemendaskrá Hagstofu Íslands.⁸ Loks voru tekin eigindleg viðtöl við valið úrtak 10 þátttakenda, og verður vikið að þeim síðar, en fyrst verður getið helstu meginlegra upplýsinga

Hverjir sóttu starfsnám Hins hússins?

- Meðalaldur þátttakenda var 21 árs. Um helmingur þeirra var 20-22 ára þegar þeir fóru í starfsnámið, um fjórðungur 18-19 ára og um fjórðungur 23-25.
- 53% þeirra voru karlar og 47% konur.
- 3/4 þátttakenda höfðu verið atvinnulausir í 1-9 mánuði þegar þeir fóru í starfsnámið. Borið saman við heildarhóp ungra atvinnulausra á hverjum tíma, kemur þó í ljós að starfsnámið hefur tekið til sín hlutfallslega flesta af þeim sem höfðu verið lengi atvinnulausir, einkum þá sem verið höfðu atvinnulausir meira en eitt ár, en mjög lágt hlutfall þeirra sem verið höfðu atvinnulausir minna en þrjá mánuði.
- 30% hópsins hafði aldrei byrjað í framhaldskóla og sumir þeirra reyndar ekki lokið grunnskóla, 46% hópsins hafði lokið litlu í framhaldsskóla minna en þrem öðrum, 15% hópsins hafði lokið meira framhaldsskólanámi og 9% hafði framhaldsskólapróf. Í töflu 3 er þessi skipting borin saman við skiptingu 1975 árgangsins við 24 ára aldur, og gefur sá samanburður til kynna að þátttakendur í starfsnámi endurspegli ágætlega brottfallshópin að þessu leyti en geti hugsanlega líka veitt vísbendingar um þá sem ljúka framhaldsskólaprófi, en hlekkist síðan á á vinnumarkaði.

⁸ Þegar þetta er ritað, í október 2002, hefur flestra sambærilegra upplýsinga verið aflað um álíka stóran hóp til viðbótar, og því standa vonir til að hægt verði að byggja lokaskýrslu á upplýsingum um meira en 80% þátttakenda á öllu því tímabilinu eftir að starfsnámið hafði tekið á sig stöðuga mynd.

- Einungis 22% hópsins hyggja á frekara nám í skólakerfi að loknu starfsnámi, 27% hópsins er alfarið fráhverfur en 51 vill ekki taka afstöðu til þessarar spurningar.
- Atvinnureynsla hópsins er talsverð. Rúmur helmingur hópsins hefur meira en tveggja ára reynslu af vinnumarkaði og allir að minnsta kosti talsverða reynslu af sumarvinnu.
- Rúmur helmingur hópsins býr enn í foreldrahúsum, um fjórðungur hans hefur farið í vímuefnaeðferð og um 30% hefur barn á framfæri. Það er ljóst að talsvert stór hluti hans er að koma sér af stað aftur eftir barnsburðarleyfi eða vímuefnaeðferð.

Hvað varðar ýmsar bakgrunnsbreytur reynast þátttakendur í starfsnámi Hins Hússins skiptast á svipaðan hátt og brottfallshópurinn í heild (skv. rannsóknum Gerðar Óskarsdóttur og Jóns Torfa Jónssonar) og sá hluti ungs fólks sem var atvinnulaust í þrjá mánuði eða lengur á árunum 1994-96 (skv. gögnum Vinnumálastofnunar og ýmsum athugunum). Vitað er að langstærsti hluti síðarnefnda hópsins eru brottfallsnemendur, og því má spyrja hvort HH-hópurinn myndi þversnið eða úrtak úr þessum tveim hópum.

Á árunum 1994-96 voru um 2.100 18-25 ára ungmenni í Reykjavík atvinnulaus samtals í meira en 3 mánuði. Ef miðað er við að um 13000 séu á þeim aldri í Reykjavík og um 45% þeirra hafi lokið námi eða hætt í skóla, lætur nærri að um 35% ungdóms á vinnumarkaði hafi orðið fyrir atvinnuleysi.

Því má því segja að HH hafi hýst fólk úr þeim þriðjungi brottfallshópsins sem ekki á snurðulausan feril á vinnumarkaði. Þá er ljóst af samanburði við stöðu 1975-árgangsins við 24 ára aldur, að hlutfallslega stór hluti af ungdómi með mjög litla formlega skólagöngu kom inn í Hitt húsið. Á hinn bóginn bendir margt (t.d. rannsókn Guðbjargar Lindu Udengaard) til þess að þar sé ekki um að ræða "þyngsta" hluta þessa hóps. Þótt starfsmenn vinnumiðlunar hafi í sumum tilvikum þrýst á fólk að taka þátt í starfsnámi Hins hússins, er jafnljóst að meginhluti þátttakenda valdi starfsnámið fram yfir óvirkt atvinnuleysi. Þannig er síður um að ræða vinnufælna einstaklinga, fólk í mikilli neyslu og aðra sem af mismunandi sökum eru ekki tilbúnir að "gera eitthvað í sínum málum".

Tafla IV. 3

Skólaganga þátttakenda í starfsnámi Hins hússins, samanborið við skólagöngu 1975-árgangsins, hlutfallsleg skipting.

	HH	75-árg
Aðeins grunnskóli	30	12
1-3 annir í frh.sk.	46	21
4-7 annir í frh.sk	15	9
Frh.sk.próf	9	57

Sumum þátttakendum í Hinu húsinu er hægt að lýsa sem fórnarlömbum efnahagssamdráttar. Ungt fólk sem hafði hætt snemma í skóla og ráðið sig í vinnu, en misst hana þegar starfsfólki var fækkað og átt erfitt með að fá aðra vinnu. Vandí annarra var kannski frekar af rótum fjölskyldu, vímuefnaneyslu og slíkra þátta. En flestir þátttakendur voru búnir að safna ósigrum af margs konar tagi. Þeir byrjuðu sem (oft sértækir) örðugleikar í skóla, oft í bland við ónógan stuðning á heimili, héldu áfram í hálfgerðum tómagangi í framhaldsskóla og síðan í þvælingi á milli lágláunastarfa, þar til

blanda af efnahagssamdrætti og slakri sjálfsmynd ýtti þeim út á jaðar vinnumarkaðar og samfélagsins í heild.

Aðferð og árangur

Starfsnámið hófst jafnan með fjögurra vikna námskeiði, sem smám saman var lagað að reynslunni. Markmiðið var að auka sjálfsskilning þátttakenda og örva virkni þeirra og vilja til þátttöku. Reynt var að flétta sjálfstyrkingarþáttum saman við hagnýta fræðslu um möguleika á vinnumarkaði og áhersla lögð á að hjálpa hverjum einstaklingi að finna starfsþjálfunarettvang sem hæfði getu og óskum.

Starfsþjálfunin stóð að jafnaði í fimm mánuði. Hluti þátttakenda fékk þjálfun sína í Hinu húsinu - í Listasmiðju, tölvuvinnslu og ýmsum verkefnum tengdum tónleikahaldi og öðrum listviðburðum. Aðrir unnu í félagsmiðstöðvum, öðrum borgarstofnunum eða hjá frjálsum félagasamtökum. Á meðan á starfsþjálfun stóð var leitast við að þátttakendur héldu sambandi við Hitt húsið og þar gafst þeim tækifæri á að ræða og meta reynslu sína, sem og framtíðaráform. Bæði þær ætlanir, sem starfsmenn festu á blað eða lögðu áherslu á í samtölum, og frásagnir þátttakenda benda til þess að í reynd hafi starfsnám Hins hússins lagði áherslu á þrjá þætti:

- Sjálfstyrkingu. Flestir þátttakenda höfðu orðið fyrir miklum ósigrum í skóla og á vinnumarkaði og margir líka í fjölskyldu- og einkalífi. Hver einstaklingur var studdur til að finna verkefni sem hann gat notið sín í og til að yfirvinna samskiptaörðugleika og aðrar persónuleikahindranir.
- Raunsætt sjálfsmat. Margir þátttakendur voru óraunsæir í mati á eigin getu og tækifærum, og slíkt ofmat gat fyllilega farið saman við vanmetakennd. Áhersla var lögð á raunsætt mat á getu sinni og þekkingu á leiðum til að láta óskir sínar rætast.
- Hagnýt færni. Þáttur í eflingu sjálfsmats var áhersla á að ná valdi á hagnýtum verkefnum, og að þátttakendur í starfsnáminu kæmu þaðan fullvissir um að þeir hefðu lært eitthvað sem gæti nýst þeim á vinnumarkaði eða í frekara námi.

Mat langflestra þátttakenda á námskeiðinu var afar jákvætt, en sá minnihluti sem var neikvæður, líkti gjarnan námskeiðinu við annað skólanám; þetta var fólk sem vildi læra eitthvað praktískt. Mat á starfsþjálfuninni var blendnari. Fyrir suma varð hún upphafið að nýju náms- eða starfsvali, fyrir aðra varð hún skemmtileg tilbreyting frá venjulegum störfum, en aðrir litu á hana sem bara enn eina reynsluna af einhæfum störfum.

Heildarmat þátttakenda skýrðist í viðtölum við 10 valda einstaklinga, og með aðstoð þeirra er hægt að skipta þátttakendum í þrjá all skýrt afmarkaða hópa, sem virðast vera nokkurn veginn álíka stórir:

- Fyrir einn hópinn varð starfsnámið vendipunktur í lífinu. Námskeiðið hjálpaði þeim að átta sig á eigin getu og óskum, gjarnan til að finna nýjan farveg í námi eða starfi.
- Fyrir annan hóp var starfsnámið jákvæð reynsla, en skipti ekki sköpum.
- Þriðji hópurinn gerði engan sérstakan greinarmun á starfsnáminu og annarri, yfirleitt neikvæðri reynslu af skóla eða atvinnulífi.

Ljóst er að í þriðja hópnum er að finna einstaklinga sem voru neikvæðir gagnvart starfsnáminu eða á annan hátt ekki í stakk búnir til að nýta sér það. En líka marga

einstaklinga, sem voru fyrst og fremst á höttunum eftir hagnýtri starfsþjálfun, sem myndi efla stöðu þeirra á vinnumarkaðnum og slíkir einstaklingar eru líka í öðrum hópnum. Þeir töldu sig hafa litla þörf fyrir áhersluna á eflt sjálfsmat og urðu fyrir vonbrigðum með all tilviljanakennda verkþjálfun.

Í rannsóknum á atvinnuleysi og aðgerðum gegn því hefur yfirleitt reynst erfitt að leiða í ljós nokkurt gagn af slíkum aðgerðum með hlutlægum mælikvörðum. Hér var reynt að læra af mistökum margra slíkra mælinga og nota möguleika sem felast í fámenni og góðri skráningu á Íslandi. Í stað þess að mæla árangur þátttakenda einhvern tilviljanakenndan dag, var heildaratvinnuleysi þeirra fyrsta árið eftir að þeir luku starfsnámi borið saman við heildaratvinnuleysi á sama tíma meðal allra þeirra ungmenna sem verið höfðu atvinnulaus þegar starfsnámið hófst. **Niðurstaðan varð sú að einstaklingar úr starfsnáminu höfðu að meðaltali verið atvinnulausir í 13 vikur eftir að starfsnáminu lauk, en samanburðarhópurinn í 22 viku.**

Þessar jákvæðu niðurstöður styrktust af fleiri gögnum, og viðtölin við valið úrtak gáfu sterklega til kynna að árangur starfsnámsins hefði verið enn meiri en þessar tölur gefa til kynna. Eins og áður segir bendir margt til þess að árangur hafi verið mikill og jákvæður fyrir um þriðjung þátttakenda, jákvæður en ekki afgerandi fyrir annan þriðjung, en þriðjungur þátttakenda hafi haft takmarkað gagn af starfsnáminu. Athugun leiddi í ljós að mismunandi árangur var ekki hægt að skýra með bakgrunnsbreytum eins og magni menntunar og fyrri starfsreynslu, og viðtöl við valið úrtak leiddu til þeirrar afdráttarlausu niðurstöðu að lykilinn að árangri hafi verið að finna í samþættingu sjálfsstyrkingar, raunsærra sjálfsmat og nýrri, hagnýtri færni. Þessi uppskrift hentaði þorra hópsins, en sá minnihluti sem minnst fékk út úr náminu var eingöngu á höttunum eftir hagnýtri færni.

Lýðskólinn - óhefðbundið úrræði sem hvarf úr landi

Í nágrannalöndum er, andstætt Íslandi, yfirleitt að finna margs konar menntunar- og þjálfunarúrræði við hliðina á hefðbundnu framhaldsskólanámi og venjulegri atvinnuþátttöku. Eitt hið þekktasta er lýðskólahefðin, sem er öflugust í Danmörku og á rætur í kristilegri alþýðuvakningu í sveitum landsins um miðja 19.öld. Danskir lýðskólar byggja enn á margan hátt á þeim arfi, en við gerbreyttar aðstæður hafa þeir nú einkum orðið vettvangur fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri, sem eru haldin námsleiða, hafa hætt í skóla eða vilja taka sér hlé frá námi og störfum og takast á við ýmiss konar þroskandi verkefni.

Í nokkur ár var rekinn í Reykjavík slíkur Lýðskóli, undir forystu Odds Albertssonar. Skólinn hefur nú flutt starfsemi sína til Danmerkur, en árið 1998 tók undirritaður að sér að meta árangur skólans og var það gert með viðtölum við þá sem voru í skólanum árin 1996 og 1997, og voru tekin viðtöl við 54 af 63 eða 85,7%

70% nema í Lýðskólanum voru 16-18 ára, 25% 19-20 ára og 5% eldri. Þetta er því nokkuð yngri hópur en kom í starfsnám Hins hússins en enn "þyngri" að því leytinu að hann hafði lokið minna námi, hafði minni atvinnureynslu og verið hlutfallslega meira atvinnulaus miðað við atvinnuþátttöku í heild.

- Einungis fjórðungur hópsins hafði lokið einhverju framhaldsskólanámi, annar fjórðungur hafði ekki lokið öllum samræmdum prófum, en helmingur hafði grunnskólapróf og ekkert meira, og þar af höfðu sumir lokið því í fornámi framhaldsskóla.

- Langflestir höfðu enga reynslu af vinnumarkaði aðra en sumarvinnu, og almennt hafði hópurinn meiri reynslu af atvinnuleysi en atvinnuþátttöku.
- Flestir þátttakendur höfðu sögu að segja af alvarlegum félagslegum og persónulegum áföllum, svo sem mikilli félagslegri einanrun, einelti, námsörðugleikum, þunglyndi, kvíða og vímuefnaneyslu.

Starfsemi Lýðskólans miðaði einkum að því að efla sjálfstraust og félagsleg samskipti sem og að kveikja vilja til virkrar þátttöku í samfélaginu, í námi, atvinnulífi eða öðru félagslífi. Við mat á skólanum kom fram margs konar gagnrýni á starfsemi hans, sem oft þótti of laus í reipunum, og ljóst er að hann átti við mikið ytra óöryggi og ör starfsmannaskipti að stríða. Í ljósi þess er það einkar athyglisvert að bæði fyrrverandi nemendur og aðstandendur þeirra felldu nær undantekningalaust jákvæðan dóm um að þeir hefðu haft mikið gagn af dvölinni þar. Þau atriði sem nemendur lögðu áherslu á, samsvöruðu mæta vel markmiðum skólans, og þegar könnuð var náms- og starfsþátttaka nemenda komu líka í ljós mikil umskipti

- Nemendur lögðu almennt áherslu á að þeim hefði liðið vel í Lýðskólanum, mjög oft í fyrsta sinn á gervöllum skólaferlinum. Flestir þeirra lögðu áherslu á að sjálfstraust þeirra og sjálfsskilningur hefði aukist, verulega, sem og félagslegur þroski. Mjög margir höfðu eignast fyrsta góða vinahópinn í gegnum námið.
- Þeir sem fóru í almennan framhaldsskóla að loknum Lýðskóla lögðu langflestir áherslu á að námsgeta þeirra hefði vaxið í gegnum aukið sjálfstraust og jákvæðara viðhorf, og svipuðu máli gegndi um marga þeirra sem höfðu farið út á vinnumarkað. Hins vegar sögðust viðmælendur nær aldrei hafa beinlínis lært hagnýta hluti sem nýttust þeim beint á vinnumarkaði.
- Um helmingur þátttakenda í Lýðskóla gerði aðra atlögu að framhaldsskóla að lokinni Lýðskólavist, og meirihluti þeirra sem verið hafði meira en eitt ár í framhaldsskóla eftir Lýðskólavistina hafði að þessu sinni staðið sig í náminu.
- Umskipti urðu hvað varðar þátttöku á vinnumarkaði, þannig að öfugt við ferilinn fram að Lýðskólavist vóg atvinnureynsla mun þyngra en atvinnuleysi.

Þessi könnun veitti mikla innsýn í þann hóp sem snemma verður utanveltu í hefðbundnu skólakerfi. Um svipað leyti gerði Guðbjörg Linda Udengaard (1998) könnun á atvinnuleysingjum innan við 18 ára aldur, og hún veitti svipaða mynd af vanda þeirra sem hverfa snemma úr framhaldsskóla. Fartessi margra þeirra eru brotnar fjölskyldur, félagsleg einangrun, einelti og námsörðugleikar á grunnskólaaldri, og í stað þess að fara í framhaldsskóla eða út á vinnumarkað leggja fjölmargir á þessum aldri í sinnuleysi eða bæta við nýjum ósigrum í skóla og atvinnuleysi. Þessar rannsóknir staðfesta að grunnurinn að "brottfallsvandanum" hefur að verulegu leyti verið lagður þegar á grunnskólaaldri og að hvorki núverandi framhaldsskóli né vinnumarkaðurinn í núverandi mynd sinni, jafnvel á þenslutíma, geta veitt viðkomandi hópi athvarf til að vinna úr vandanum. Meðal annars staðfesta þessar rannsóknir þörfina á úrræðum við hliðina á hefðbundnu skólakerfi.

Það er enn fremur vert fullrar athygli að hvorki nefnd úrræði né þær rannsóknir sem til eru á ungu fólki í miklum vanda ná til hins vaxandi hóps ungra innflytjenda eða barna innflytjenda, og í framtíðinni þarf að leggja áherslu á að bæta úr því.

IV.5 Lífssögur einstaklinga úr brottfallshóp

Ein meginstoð rannsóknarinnar eru eigindarleg viðtöl. Forsaga þeirra er sú að hluti af mati höfundar á starfsnámi Hins hússins byggði m.a. á viðtölum við úrtak 10 einstaklinga, sem voru valdir út frá mörgum þáttum, svo að þeir gæfu eins konar þversnið af þátttakendum. Ekki er hægt að kveða úr um hvort þeir voru dæmigerðir, en hins vegar má segja að þeir hafi 'spannað allan skalann' frá mörgum sjónarhólum. Það var ekki síður um vert að langflestir viðmælendur voru samvinnufúsir og reyndust einlægir í frásögn. Frá sjónarhóli rannsakanda má segja að afar gott samband hafi myndast við viðmælendur, án þess að það hafi orðið persónulegt. Því ákvað ég að einn þáttur rannsóknarinnar yrði að taka viðtöl við sömu viðmælendur aftur, 3-4 árum síðar. Hefur þegar verið talað við 8, suma tvisvar, en tveir hafa enn færst undan viðtali. Í lokaskýrslu og greinum er áhersla lögð á að túlka þessi viðtöl í fræðilegu samhengi, einkum við hefð í rannsóknum á lífsferilsfrásögnum ungs fólks, en hér er ekki tilefni til annars en að rekja stuttlega þær hliðar sem snúa að praktískum niðurstöðum, og verður hér aðeins vísað til þeirra átta sem viðtöl hafa verið tekin við í seinni umferð.

Þrír þeirra höfðu hætt námi áður en grunnskóla var lokið, einn hafði engu námi lokið í framhaldsskóla, þrír lokið einni til þrem öðrum og einn stuttu starfsréttindanámi. Flestir höfðu töluverða starfsreynslu, heildaratvinnuleysi flestra nam hálfu til einu ári, tveir höfðu verið atvinnulausir skemur og einn lengur. Ef hópnum er skipt í tvennt, annars vegar í þá sem hafa ekkert framhaldsskólanám að baki og hins vegar þá sem hafa lokið einhverju slíku námi, er bæði hægt að sjá ýmis sameiginleg einkenni og eins mikinn mun á milli einstaklinga.

Þeir fjórir sem engu framhaldsskólanámi hafa lokið, hafa mjög mismunandi ástæður fyrir því. Tvö þeirra, karl og kona, ólust upp í mjög erfiðum fjölskyldum, lentu í miklum hremmingum á barnsaldri og leiddust út í vímuefnamisferli. Í stuttu máli hefur líf þeirra æ síðan einkennst af viðleitni til að ná tökum á tilverunni. Karlinn hefur hrasað oft og gjarnan lengi í senn, en hefur þess á milli átt góða kafla í lífi sínu og þá staðið sig vel í vinnu. Félagsleg einangrun hefur löngum hrjáð hann, en á góðum köflum sækir hann styrk í sjálfsstyrkingarsamtök fíkla, og hann lýsir verunni í Hinu húsinu sem afgerandi reynslu, sem hann hafi getað sótt mikinn styrk í síðan. Konunni hefur tekist að finna mun stöðugri fótfestu, sem á tímabili var algerlega grundvölluð í trúarlífi og samfélagi í kringum það, en hefur síðar fengið víðtækari grunn í einkalífi og atvinnu. Í hennar augum var Hitt húsið afar jákvæð reynsla en hún leggur áherslu á að hún hafi þurft 'sterkari meðöl' til að ná tökum á lífi sínu.

Hin tvö, líka karl og kona, eiga allt aðra sögu og allt aðrar forsendur fyrir snubbóttum námslokum. Karlinn hikaði ekki við að kenna eigin skapbrestum og skorti á félagslyndi um. Hann átti auðvelt með námið sjálft en erfitt að lynda við kennara, og síðan hann fór úr námi hefur hann unnið verkleg störf, fellur það vel og er afar góður til sinna starfa. Dvölin í Hinu húsinu er sá hluti ævinnar, þegar hann braust hvað mest út úr félagslegri einangrun, og í kjölfarið tókst hann á við mun metnaðarfullri störf þar sem reyndi á samskiptahæfileika - og tókst vel. Konan á þvert á móti auðvelt með mannleg samskipti, en leiddist að sitja á skólabekk. Hún hefur unnið sem ófaglærður starfsmaður á leikskóla og stofnað fjölskyldu og er sátt við sitt. Vildi gjarnan fá starfsréttindi við barnagæslu en finnst út í hött að sitja í skóla í sjö ár til þess. Í hennar huga var dvölin í

Hinu húsinu og starfsreynsla hjá óhefðbundnum félagasamtökum skemmtileg tilbreytni í annars fremur snurðulausu lífshlaupi.

Þau fjögur sem hættu námi í framhaldsskóla höfðu mismunandi forsendur til þess. Tveir karlar eiga það sammerkt að hafa meiri áhuga á verklegum hlutum en bóklegum, og sennilega ráða fjölskylduaðstæður mestu um að það hefur leitt þá í ólíkar áttir. Annar þeirra átti erfitt með bóklegt nám, og það varð til þess að hann hætti tvívegis í iðnnámi. Að lokum valdi hann iðnnám þar sem krafist er lágmarks bóknáms og hefur nú lokið því. Ljóst er að fjölskylda hans hefur lagt hart að honum að standa sig í vinnu og að ljúka iðnnámi. Í huga hans er Hitt húsið einungis einn þeirra vinnustaða þar sem hann þvældist um áður en hann fann iðnnám við sitt hæfi. Hinn karlinn átti ekki erfitt með nám, en hins vegar með að sitja kyrr. "Ætli ég hafi ekki verið ofvirkur unglingur," segir hann. Fjölskylda hans veitti honum lítið aðhald. Mest allan tímann frá því að hann flosnaði upp úr framhaldsskóla hefur hann unnið láglæuna erfiðisvinnu og býr nú við nokkra örorku sem hann segir beina afleiðingu af einhæfri og erfiðri vinnu. Dvölin í Hinu húsinu virtist um hríð verða til þess að hann breytti um stefnu, en þar vann hann við uppeldisstörf og líkaði það vel. Hann hefur hins vegar ekki séð sér fjárhagslega fært að hefja skólanám að nýju og er aftur kominn í erfiðisvinnu sem er betur borguð en ófaglærð uppeldisstörf.

Tvö þau síðustu, karl og kona, reyndust fyrst og fremst hafa horfið úr námi vegna persónulegra vandamála, sem með orðalagi karlsins má kalla "sjálfsmyndarkreppu". Hjá honum varð Hitt húsið einn áfangi, ekki sá mikilvægasti, að því að finna sjálfan sig. Að lokinni dvölinni þar braust hann í gegnum nám meðfram vinnu og er nú með gott starf og sáttur við sjálfan sig. Konan er ein þeirra sem þakkar Hinu húsinu sérstaklega. Hún hafði í mörg ár þvælst um í skólakerfi og á vinnumarkaði og verið ósátt við sjálfa sig. Dvölin í Hinu húsinu veitti henni sjálfsþekkingu og umburðarlyndi gagnvart þeirri fjölbreyttu mannlífsflóru sem hún kynntist þar. Þótt hún sé einstæð móðir með sjúkt barn hefur henni tekist að fara aftur í nám, ljúka því og hyggur á framhaldsnám síðar.

Þessir átta einstaklingar eiga ólíkan æviferil og eru ólíkir persónuleikar, en í æviferli þeirra krystallast nokkur almenn vandamál:

- Tvö þeirra áttu skelfilega bernsku, og opinberir aðilar komu engan veginn til móts við þau heldur greyptist það fast í þau bæði að þau væru vandamálið. Meðferðaraðilar, trúarsamtök og fjölmargir einstaklingar hafa seinna stutt þau verulega í viðleitni til að ná tökum á lífi sínu, en sú spurning hlýtur að vakna, *af hverju kom stuðningurinn ekki fyrir?*
- Helmingur viðmælenda varð snemma hneigðari fyrir verkleg störf en bóklegt nám. Að minnsta kosti í tilvikum tveggja karlanna stöðvuðu kröfur um bóklegt nám í upphafi þá í að fara í iðnnám. Annar þeirra komst reyndar í iðnnám seinna og hinn vinnur sem jafnoki iðnaðarmanna. Konan sá hins vegar ekki fram á að geta menntað sig til þeirra verklegu starfa sem hugur hennar stóð til, nema með því að ljúka stúdentsprófi fyrst. *Er eðlilegt að ungt fólk með áhuga á verklegum störfum og góða náms- og starfshæfileika neyðist til að vera ófaglært?*
- Í þriðja lagi er ljóst að sjálfsmyndar- og tilvistarkreppur á ungdómsárunum eru meginskýringin á hnökróttum ferli margra og jafnvel flestra þessara ungmenna. Slíkar kreppur eru eðlilegur hluti af því að fullorðnast en er eðlilegt að þær verði til þess að þeim hlekkist á í lífsferlinu? Í besta falli, og einungis með víðtækum stuðningi fjölskyldu, vana og starfs á borð við Hitt húsið, tekst sumum þessara ungmenna að

komast aftur "á sporið". Með ærnum erfiðismunum ljúka þeir kannski iðnnámi 25-30 ára. Í öðrum tilvikum festast þeir í láglauastörfum og reyna að setta sig við það, en störfín eru jafnan slítandi og launin nægja einungis fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Eru þetta viðunandi lífsgæði?

- Í fjórða lagi bendir árangurinn af starfsnámi Hins hússins og af Lýðskólanum til þess að mjög stór hluti af því unga fólki, sem lendir í vanda vegna námsleiða og ýmiss konar persónulegra vandamála, geti haft mikla stoð af *úrræðum, sem eru til hliðar við almennt skólakerfi og atvinnulíf*. Fjármunum í slík úrræði er vel varið sem fjárfestingu í mannauði þjóðarinnar. Þótt atvinnuleysi hafi verið hið beina tilefni Hins hússins, kom fljótt í ljós að í atvinnuleysisvandanum krystallast margs konar annar vandi. Þótt erfiðasta atvinnuleysið hafi liðið hjá, hafa þau vandamál tæplega horfið, heldur má búast við því að víða í láglauastörfum, misnotkun vímuefna og víðar megi finna ungmenni með ýmiss konar dulinn vanda, sem vettvangur á borð við Lýðskóla og starfsnám Hins hússins getur dregið upp á yfirborðið og unnið gegn.

V. Umræða

Í þessu rannsóknarverkefni er leitast við að draga fram yfirlitsmynd af ungdómsskeiðinu og yfirstandandi breytingum og vandamálum. Mikilvægt er að greina á milli, hvað eru langtíma breytingar og hvað tímabundnar, svo og að hvaða leyti breytingarnar eru hluti af alþjóðlegri þróun og að hvaða leyti er um séríslensk einkenni að ræða (sum skammvinn og önnur langvinn). Hvað varðar slíka almenna greiningu, má undirstrika eftirtalin atriði:

- Yfirstandandi breytingar eru ekki einstakar, heldur hafa djúptækar breytingar á ungdómsskeiðinu orðið nokkrum sinnum á 20. öld.
- Breytingar í þá átt að æskan býr við meira valfrelsi, en jafnframt að valfrelsið virðist meira en það er þar sem félagslegir ákvörðunarþættir eru faldari en fyrr, eru hluti af langtíma samfélagsbreytingum sem einkenna öll vestræn samfélög.
- Ungdómsskeiðið á Íslandi á sér mörg sérkenni sem eiga sér langa sögu, þótt þau breyti gjarnan um form. Íslensk ungmenni hafa almennt átt aðgang að opnari vinnumarkaði en gerist í flestum nágrannalöndum, formleg menntun hefur skipt minna sköpum, og hæfnin til að aðlagast tæknilegum, félagslegum og menningarlegum breytingum er rótgrónari.
- Hagsveiflur á Íslandi hafa um áratuga skeið verið meiri en í nágrannalöndum, og ungt fólk verður á Íslandi sem víðast hvar fyrir miklu sterkari áhrifum af hagsveiflum en aðrir samfélagshópar.

Þegar að er gáð, eru slík almenn einkenni þó margræð og taka á sig mismunandi myndir við mismunandi aðstæður – og meðal annars fyrir tilstuðlan ýmissa stjórnvaldsaðgerða. Við upphaf 21. aldar má nefna nokkur atriði, sem dæmi um samspil nýlegrar þróunar og nýlegra ákvarðana við slíkar hefðir.

- Aðlögunarvilji og áratugalangt landnám íslenskrar ungdómsmenningar í alþjóðlegum heimum ungdómsmenningar og samskipta hafa ásamt almennu góðari orðið til þess að íslenskur ungdómur er með á nótunum í hnattvæðingunni sem einkennir líf unga fólksins meira en annarra. Hnattvæðingin færir þó ekki bara ný tækifæri heldur nýja uppskiptingu inn í íslenskan veruleika, sem blandast þeirri stéttskiptingu sem var fyrir
- Á síðustu áratugum var opnun íslenska samfélagsins útfærð í framhaldsskólakerfinu, á þann hátt að ólíkir hæfileikar uppvaxandi einstaklinga eru lagðir á einsleitan mælikvarða og mismunandi veganesti þeirra umbreytist í misjafnlega mikla getu í almennri orðræðu og hugum þeirra sjálfra. Nýleg þrenging inntökuskilyrða hefur hingað til haft þær meginafleiðingar, að dyrnar lokast enn fyrr á þá sem ekki passa við hinn einsleita mælikvarða.
- Þótt vinnumarkaður sé opinn, er hann opnari sumum en öðrum, og í ríkari mæli en um áratuga skeið þarf ungt fólk að jafnaði að hafa veganesti úr traustu og menningarlegu fjölskyldulífi og nýtsöm sambönd upp á vasann til að geta nýtt sér möguleikana.

Sammerkt þeim atriðum sem hér hafa verið dregin fram er að þróunin einkennist bæði af auknum tækifærum, meira svigrúmi einstaklinga og ríkara menningarlífi og af því að tækifærunum, svigrúminu og menningarlífinu er misskipt með þeim hætti að stétt, kyn og búseta skipta engu minna máli en fyrr, bara öðru máli og blandast öðrum

þróunareinkennum eins og hnattvæðingu, aukinni áherslu á einstaklinginn og breyttum kröfum í vinnu og samfélagi.. Uppvaxandi ungdómur fær veganesti af misjafnri gerð úr foreldrahúsum, í skólum er rík tilhneiging til að leggja einn mælikvarða á hið mismunandi nesti, og hinn almenni andi í samfélaginu leggur ábyrgðina, völinu og kvölinu á herðar einstaklingnum, án tillits til mismunandi aðstæðna. Lífshlaupinu er oft líkt við kapphlaup og almennur vilji er til að allir fái að byrja við sömu ráslínu, en í nútíma samfélagi má líkja keppninni við kappakstur þar sem þátttakendur fá misgóða fararskjóta, mis gott eldsneyti og mis góða leiðarlýsingu en er talin trú um að þeir séu jafnir.

Svipaða almenna lýsingu má gefa á uppvaxtarskilyrðum ungdómsins í flestum sambærilegum löndum, en með nánari skoðun kemur margs konar athyglisverður munur í ljós. Tilefni er til mun víðtækari samanburðarrannsókna en hingað til hafa þekkt, en nú þegar má sjá ýmsa athyglisverða sérstöðu Íslands; sumpart höfum við sloppið við ýmsa pytti sem nágrannabjóðir hafa lent í og sumpart gætum við lært af reynslu þeirra.

Ör þróun Íslands hefur gert samfélagið opnara og sveigjanlegra en mörg nágrannasamfélögin. Það felst mikill styrkur í því að ungt fólk á tiltölulega greiða leið inn á vinnumarkaðinn og getur þar aflað sér margvíslegrar reynslu. Það væri ekki viturlagt að stoppa það á sama tíma og aðrar Evrópuþjóðir leita ákaft leiða til þess að opna leiðir fyrir ungt fólk inn á vinnumarkaðinn. Hins vegar getum við margt lært af markvissum aðgerðum á sviði menntunar, til dæmis þýska kerfinu sem tekur nánast alla og markvissum aðgerðum norðmanna til að veita öllu ungu fólki á aldrinum 16-19 tryggingu fyrir námi til starfsréttinda.

Ýmiss konar alþjóðlegur samanburður getur auðveldað stefnumótun sem sameinar kostina við núverandi sérstöðu og lærdóma sem við getum dregið af góðu fordæmi og mistökum annarra. Þannig er full ástæða til verulegra umbóta á því hvernig ungt fólk fer frá skólakerfi og út í atvinnulíf, en engin ástæða til að flytja inn eitt erlent líkan, þar sem önnur lönd eiga ekki við minni vandamál að stríða en við þótt þau séu af öðru tagi.

Ísland þarf að þróa eigið líkan um samtvinnun náms og starfsþjálfunar fyrir bæði framhalds- og háskólastigið þar sem byggt er á ýmsum öflugum forsendum sem er að finna bæði í atvinnulífi og skólum, um leið og rutt er úr vegi núverandi fyrirstöðum. Á annan bóginn vantar mikið á að atvinnulíf sé skilið og mótað sem vettvangur til að koma öllum til nokkurs þroska. Þar reynir ekki síst á samtök á vinnumarkaði. Á hinn bóginn hafa margir skólamenn og aðrir alltof einhliða sýn á námsferli. Þar þarf að koma til skilningur á því að námsferli geta verið af margvíslegum toga og mismunandi hæfileikum og forsendum þarf að sýna virðingu.

Víkkun sjónarhorns.

Þar sem ungdómur er sá hluti samfélagsins, þar sem flestar samfélagsbreytingar sjást með hvað skýrustum hætti, gefa ungdómsrannsóknir vísbendingar langt út fyrir hið þrengra svið ungdómsspólitíkur. Vandí brottfallshópsins er um leið almennari vandi – margs konar vaxandi tilhneigingar til að setja stóran minnihluta samfélagsins út á jaðar. Sú meginleið sem hér er bent á, að efla samvirkni starfsþjálfunar og skólanáms og leggja aukna áherslu á önnur námsferli en hin bóklegu, á engan veginn að vera bundin við ungdómsskeiðið.

Fólk, sem festist í einhæfum störfum, er miklu líklegra en aðrir til að missa heilsu og starfsorku, auk þess sem skortur á starfsgæðum leiða gjarnan til lítillar þátttöku í

menningu og samfélagi, jafnvel til einangrunar. Hægt er að líta á það sem meginverkefni háþróaðra samfélaga eins og Íslands að vinna gegn þessari nýju stéttaskiptingu.

Ýmsar nágrannaþjóðir okkar, einkum á Norðurlöndum, hafa áttað sig á þessu meginvandamáli. Margt bendir til þess að það sé ekki enn orðið jafn stórt á Íslandi og í eldri iðnríkjum, en enginn vafi er á því að það er að aukast.

Nágrannaþjóðirnar hafa þegar brýnt ýmis vopn í baráttunni gegn þessu vandamáli, og við getum lært af þeim auk þess sem við tökum tillit til annarra, oft betri, aðstæðna á Íslandi. Meginleiðin er samhliða áttak um:

- Að bæta vinnuna, útrýma einhæfninni, sem nú einkennir störf í fiskvinnslu og öðrum iðnaði, með nýrri vinnuskipulagningu og með því að beita tækni sem tekur tillit til mannlegra þarfa.
- Og um leið að mennta ófaglært vinnuafli til fjölbreytilegra starfa og veita því kost á að feta sig inn á braut starfsframa.

Á Íslandi þarf þjóðarsátt um menntun og bætt vinnuumhverfi, sem nái bæði til fólks sem þegar er á vinnumarkaði og uppvaxandi kynslóða.

Ungdómsrannsóknir hafa lagt fram ótal vitnisburði um mikilvægi menningar í þroska og hvernig tækifæri til menningarstarfs ryður oft úr vegi hindrunum á námi og leiðir til nýsköpunar. Engin ástæða er til að takmarka þessa tengingu við ungdóminn, fremur en ástæða er almennt til að einangra ungdóminn í gettói.

Fyrirverandi menntamálaráðherra Íslands lagði fyrir fáum árum fram hugmyndir um menningarhús um land allt. Þessar hugmyndir fengu víðast hvar dræmar undirtektir, og menn svöruðu því til að ekki vantaði hús heldur stuðning við aðgerðir. Kannski er ástæða til að blása nýju lífi í þessa hugmynd, með því að tengja hana annars vegar málefnum ungdóms og hins vegar nýsköpunarstarfi sem illa gengur að styðja á Íslandi.

Af hverju ekki að setja undir eitt þak menningarmiðstöðvar, nýsköpunarsetur, atvinnuleysisaðgerðir og ungdómshús? Í slíku húsi væru aðstæður til að yngja upp menninguna, berjast gegn atvinnuleysi með nýsköpun og ná fram margháttuðum öðrum samvirkniáhrifum. Í kaupstöðum úti um land og í helstu hverfum höfuðborgarinnar gætu slík hús orðið hæfilegur samkeppnisaðili menningarstofnana og framhaldsskóla.

Verður hér staðar numið að sinni. Fremst í þessari skýrslu er að finna helstu praktísku tillögur og ábendingar sem rannsóknin hefur gefið tilefni til. Viðbrögð við þeim, við þeirri greiningu sem hér hefur verið lögð fram, sem og samhenginu þar á milli væru afar vel þegin, helst áður en gengið er frá lokaskýrslu verkefnisins. Er þess óskað að slíkar ábendingar verði sendar til höfundar:

Gestur Guðmundsson
Danmarks Pædagogiske Universitet
Institut for Pædagogisk Sociologi
Emdrupvej 101
DK-2400 København NV
gestur@dpu.dk

Heimildir

BECK, Ulrich. (1986/1992) *Risikogesellschaft: Auf dem Weg in eine andere Moderne* (Risk Society: Towards a New Modernity) (Frankfurt am Main, Suhrkamp)

BJERRUM NIELSEN, Harriet & Monica RUDBERG (1994) *Psychological Gender and Modernity* (Oslo, Universitetsforlaget).

BOIS-REYMOND, Manuela du (2001) "'And then we decide what to do next...' Young people's educational and labour trajectories: A longitudinal study from the Netherlands." *YOUNG - Nordic journal of Youth Research* 9:2, pp. 33-52.

Drop out i nordiske skoler. Nordisk Ministerråd 2002

FURLONG Andy & Fred CARTMEL (1997) *Young People and Social Change: Individualization and Risk in Late Modernity* (Buckingham, Open University Press).

GESTUR GUDMUNDSSON (1997): *Mat á starfsnámi Hins hússins*. Reykjavík: Hitt húsið

GESTUR GUDMUNDSSON (1998): *Mat á árangri Lýðskólans - byggt á viðtölum við nemendur*. Reykjavík: Lýðskólinn.

GESTUR GUDMUNDSSON (2000): "Youth Research at Crossroads: Sociological and Interdisciplinary Youth Research in the Nordic Countries", *Journal of Youth Studies* 3:2, pp. 127-145.

GESTUR GUDMUNDSSON (2001a): "The required meeting of youth research and alcohol and drug research" *Nordic Studies on Alcohol and Drugs. English Supplement* Vol. 17: pp 6-8.

GESTUR GUDMUNDSSON (2001b): "Youth unemployment in the Nordic countries in the 1990s. Review article" *YOUNG - Nordic journal of Youth Research* 9:2, pp. 59-62.

GESTUR GUDMUNDSSON (2001): "Æskulýðsstarfsemi í Reykjavík í ljósi félagsfræðilegra kenninga" in Friðrik H. Jónsson (ritstj) *Rannsóknir í félagsvísindum. Erindi flutt á ráðstefnu í október 1999*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

GIDDENS, Anthony (1991): *Modernity and Self-Identity. Self and Society in the Late Modern Age*. Oxford: Polity Press.

GUÐBJÖRG LINDA UDENGAARD (1998): *Meistaraprófsritgerð*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.

JÓN TORFI JÓNASSON & KRISTJANA STELLA BLÖNDAL (2001) *Námsferill í framhaldssóla og viðhorfs fólks til náms. Rannsókn á bakgrunni, viðhorfum og ferli fólks sem fætt er árið 1975. Helstu niðurstöður*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

KRISTINN KARLSSON (2001) *Barnföðande i Norden. Island* (paper på nordisk statistikerkonference). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

RAVESLOOT, Janita, Manuela du Bois-Reymond & Yolanda te Poel (1999): Courtship and sexuality of young people in the fifties and nineties - An intergenerational study from the Netherlands. *YOUNG - Nordic journal of Youth Research* 7:4, pp. 2-17.

SIGURJÓN BJÖRNSSON (1980): *Börn í Reykjavík*. Reykjavík: Iðunn.

Gestur Guðmundsson: Breytt umskipti til fullorðinsaldurs. 2.áfangaskýrsla 2002

ZIEHE, Thomas, STUBENRAUCH, Herbert (1982) *Plädoyer für ungewöhnliches Lernen, Ideen zur Jugendsituation* (Reinbek bei Hamburg, Rowohlt).

Einnig gögn frá Vinnumálastofnun, Hagstofu Íslands, Hinu húsinu o.fl.